

HRÚTASKRÁ

2016 - 2017



Sauðfjársæðingastöð
Suðurlands



Sauðfjársæðingastöð
Vesturlands

MÆNISGLUGGAR

NÁTTÚRULEGT LJÓS OG GÓÐ LOFTRÆSTING ER ÖLLUM DÝRUM NAUÐSYNLEG.


JFC mænisgluggar eru hannaðir til að sameina þetta tvennt. Gluggarnir eru sérsníðaðir í þeim stærðum sem henta best fyrir hvert gripahús.

Hönnun burðargrindarinnar sem er úr áli tekur mið af hámrörun ljósflæðis í gegnum gagnsætt óbrjótanlegt plast án þess að það komi niður á styrkleika gluggans.

Stillanleg spjöld á báðum hliðum gluggans gefur möguleika á að stýra loftflæði að vild í gegnum gripahúsið.



40 ÁRA
REYNSLA



FJÓSA-
INNRETTINGAR



50 ÁRA
REYNSLA



GÓLF Í
GRIPAHÚS

YLEININGAR



YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKU-EININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samloku-einingar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðar-geta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

SÉRFRÆÐINGARNIR OKKAR

Við liðsinnnum þér!

ÁSDÍS HRÖNN HILMARSDÓTTIR

Selfoss 480-4600 / 821-4043

HALLDÓR TH. W. KRISTINSSON

Höfuðborgarsv. 515-4187 / 821-4186

ELMAR SIGURGEIRSSON

Akureyri 460-4800 / 821-4059



byko.is

BONDI@BYKO.IS

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Efnisyfirlit

Skýringar	2
Frá sauðfjársæðingastöðvunum	4
Hrútar (hyrndir) á Suðurlandi	6
Hrútar (kollóttir) á Suðurlandi	18
Hrútar 2016-17, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2016, (tafla)	24
Hrútar (hyrndir) á Vesturlandi	26
Hrútar (kollóttir) á Vesturlandi	36
Fallnir hrútar 2015-2016, ástæður (tafla)	44
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2016	45
Kjötmat afkvæma sæðishrúta haustið 2016	46
Árangur sæðinga vorið 2016 eftir hrútum	47
Sauðfjársæðingar og beiðsli	48
Nokkur orð um skyldleikarækt	50

Atriðisorðaskrá: Nafn, nr. og blaðsíðutöl

Suðurland bls.

Hyrndir hrútar:

Hængur 10-903 frá Geirmundarstöðum, Skarðsströnd .	6
Salamon 10-906 frá Hömrum, Grundarfirði.....	7
Höfðingi 10-919 frá Leiðólfsstöðum Laxárdal.....	7
Kölski 10-920 frá Svínafelli 2 – Víðihlíð, Örafum.....	8
Kornelíus 10-945 frá Stóru-Tjörnum, Ljósavatnsskarði	8
Drífandi 11-895 frá Hesti, Borgarfirði.....	9
Kraftur 11-947 frá Hagalandi, Þistilfirði.....	9
Gróði 11-958 frá Hólsgarði, Eyjafjarðarsveit.....	10
Hörður 11959 frá Gerði, Suðursveit.....	10
Hrauni 12-948 frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.....	12
Kaldi 12-950 frá Oddsstöðum, Lundarreykjadal.....	12
Lækur 13-928 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.....	14
Börkur 13-952 frá Efri Fitjum, Fitjárdal.....	14
Tangi 13-958 frá Klifmýri, Skarðsströnd.....	15
Bergur 13-961 frá Bergsstöðum, Miðfirði.....	16
Klettur 13-962 frá Borgarfelli, Skaftártungu.....	16
Bjartur 15-967 frá Ytri-Skógum Eyjafjöllum.....	17
Hroki 15-969 frá Hesti, Borgarfirði.....	18

Kollóttir hrútar:

Roði 10-897 frá Melum 1, Árneshreppi.....	18
Þoku-Hreinn 13-937 frá Heydalsá, Steingrímsfirði.....	19
Krapi 13-940 frá Innri Múla, Barðaströnd.....	19
Serkur 13-941 frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.....	20
Magni 13-944 frá Heydalsá, Steingrímsfirði.....	20
Fannar 14-972 frá Heydalsá, Steingrímsfirði.....	21

Feldfjárhrútar:

Lobbi 09-839 frá Melhól, Meðallandi.....	22
--	----

Forystuhrútar:

Gils 13-976 frá Klukkufelli, Reykhólasveit.....	22
---	----

Vesturland bls.

Hyrndir hrútar:

Borkó 11-946 frá Bæ, Árneshreppi.....	26
Bekri 12-911 frá Hesti, Borgarfirði.....	27
Jónas 12-949 frá Miðgarði, Stafholtstungum.....	27
Malli 12-960 frá Bjarteyjarsandi, Hvalfjarðarsveit.....	28
Kjarni 13-927 frá Brúnastöðum Fljótum.....	28
Burkni 13-951 frá Mýrum 2, Hrutafirði.....	30
Dreki 13-953 frá Hriflu, Þingeyjarsveit.....	32
Stólpi 13-963 frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.....	32
Toppur 13-964 frá Kaldbak, Rangárvöllum.....	33
Grímur 14-955 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.....	33
Kústur 14-965 frá Garði, Þistilfirði.....	34
Vinur 14-966 frá Haukatungu syðri 2, Snæfellsnesi.....	34
Tinni 15-968 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.....	35

Kollóttir hrútar:

Baugur 10-889 frá Efstu-Grund, Eyjafjöllum.....	36
Hnallur 12-934 frá Broddanesi 1, Kollafirði.....	36
Brúsi 12-970 frá Kollsa, Hrutafirði.....	38
Voði 13-943 frá Heydalsá, Steingrímsfirði.....	40
Ebiti 13-971 frá Melum 1, Árneshreppi.....	40
Plútó 14-973 frá Heydalsá, Steingrímsfirði.....	41
Spessi 14-974 frá Melum 1, Árneshreppi.....	41

Ferhyrndur hrútar:

Alur 13-975 frá Þúfnavöllum 2, Hörgárdal.....	42
---	----

Forystuhrútar:

Ungi 13-938 frá Sandfellsþaga 1, Öxarfirði.....	44
---	----

Hrútaskrá 2016-2017

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi
Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson
Ljósmynd forsiðu © Halla Eygló Sveinsdóttir
Myndir af hrútum: Halla Eygló Sveinsdóttir, Sigurjón Einarsson.
ISSN 1608-084X
Prentmet Suðurlands, nóvember 2016

SKÝRINGAR

Mál og stigun: Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir, í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

Ullarlýsingar: Emma Eyþórsdóttir, sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

Gerð: Upplýsingum um holdfyllingarflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Holdfyllingarflokkarnir fá þessi tölugildi; **E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2**. Þannig þýðir 9,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í U og 50% í R. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa.

Fita: Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

Kynbótamat (BLUP) fyrir skrokkgæði (gerð og fitu): Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 2006-2016. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100, hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Þegar rætt er um kynbótamat fyrir skrokkgæði er átt við kjötmatseinkunn þar sem fitumatið vegur 50% en gerðarmatið 50%. Í sviga er birt öryggi matsins.

Kynbótamat (BLUP) fyrir frjósemi og mjólkurlagni: Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á upplýsingum 10 yngstu árganga ána. Fyrir mjólkurlagni eru það ær fæddar 2005-2014, fyrir frjósemi ær fæddar 2006-2015. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðarár ána. Hvert ár hefur jafnt vægi (25%) í samsettri einkunn fyrir mjólkurlagni. Í samsettri einkunn fyrir frjósemi er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár. Meðaltal er 100 og hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar þannig að upplýsingar um nánustu ættingja vega mjög þungt í kynbótamati þeirra. Í sviga er birt öryggi matsins.

Kynbótamat (BLUP) - Heildareinkunn: Frá árinu 2012 er reiknuð heildareinkunn þar sem kynbótamat allra eiginleika er vegið saman í eina einkunn. Vægi skrokkgæða, frjósemi og mjólkurlagni er jafnt í þeirri einkunn. Einstaklingur með 120 í einkunn fyrir skrokkgæði, 110 fyrir frjósemi og 100 fyrir mjólkurlagni hefur þannig heildareinkunn 110. $((120+110+100)/3 = 110)$.

Litaerfðir: Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísunum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits:

- 1. Verndandi arfgerðir.** Mjög litlar eða litlar líkur á riðu. Hafa ekki fundist í riðufé á Íslandi.
- 2. Hlutlaus arfgerð.** Einhver hætta á riðu. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.
- 3. Verndandi og áhættuarfgerð.** Hefur ekki fundist í riðufé, en ber að forðast vegna þess að helmingur afkvæma erfir áhættuarfgerð.
- 4. Áhættuarfgerðir.** Mikil eða mjög mikill hætta á riðu. Finnast marktækt oftar í riðufé en heilbrigðu fé eða aðallega í riðufé. Helmingur afkvæma eða allir afkomendur erfa áhættuarfgerð eftir því hvort um arfblendinn eða arfhreinan hrút er að ræða.

Rétt er taka fram að ekki eru teknir aðrir hrútar á stöð en þeir sem eru annað hvort hlutlausir eða búa yfir verndandi arfgerðum.

Skráning sæðinga

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst. Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í FJARVIS.IS geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið. Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar. Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í FJARVIS.IS.

ÞARFASTI
ÞJÓNNINN
Í 70 ÁR



Zetor Major 80

77 hestöfl

- Einstaklega lipur
- Lágbyggður
- Án flókins rafbúnaðar
- Aukapýngingar í afturfelgum
- Alö ZL 26 ámoksturstæki

Verð frá
kr. 4.290.000 +vsk.

Með ámoksturstækjum
Verð kr. 5.290.000 +vsk.

Verð miðast við gengi DKK 17 kr.

Allar nánari upplýsingar
í síma 822-8636
(Jóhannes)



www.VBL.is

LANDBÚNAÐUR ehf.
VBL Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Frá sauðfjársæðingastöðvunum

Afgreiðsla á fersku hrútasæði frá sauðfjársæðingastöðvunum hefst 1. desember og stendur til 21. desember. Pantanir skulu berast með eftirtöldum hætti:

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Í síma 482 1920 fyrir klukkan 9.00 samdægurs eða á netfangið sveinn@bssl.is.

Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði hjá Sveini Sigurmundssyni í sínum 480 1800, 480 1801 eða 894 7146.

Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Pantanir þurfa að berast fyrir kl 21:00 daginn fyrir sæðingu. Panta skal í gegnum pöntunarform sem aðgengilegt er á www.buvest.is Einnig er hægt að panta í síma 437 1215 en pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 síðasta virka dag fyrir sæðingu. **ATHUGIÐ, ekki verður afgreitt sæði sunnudaginn 4. des.**

Ef séð verður að nýting verður léleg á pöntuðu sæði þarf að tilkynna það sem og aðrar breytingar á netfangið bv@bondi.is eða í sínum 437 1215, 892 0517 fyrir kl. 9.00 að morgni sæðingadags. – ATH ! Aðeins í tölvupósti um helgar.

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsamtaka Vesturlands fara í gegnum búnaðarsambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

Skipulag sæðinga:

Suðurland:

A. V-Skaft., Eyjafjöll og Landeyjar.

Frá 9.-12. des.

B. Rangárþing-ytra, Ásahr., Fljótshlíð og Flói.

Frá 13.-16. des.

C. Uppsveitir Árnassýslu og vestan Ölfusár.

Frá 17.- 20. des.

D. A-Skaft. Stefnt er að ferðum frá og með 1. des. og til og með 8. des.

Vesturland:

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur. Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið í sauðfjársæðingum.

Skráningar á sæðingum:

Allar sæðingar skulu skráðar í fjarvis.is af viðkomandi bónda eða sæðingamanni. Mikilvægt er að viðkomandi bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar (helst samdægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi búnaðarsambands um að öllum skráningum sé lokið og/eða ef eitthvað er óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið fullorðinsnúmer.

Sauðfjársæðinganámskeið:

Stóra-Ármóti mánudaginn 28. nóv. 2016 kl. 13.00-18:00

LbhÍ, Hvanneyri og Hesti í Borgarfirði þriðjudaginn 29.nóv. 2016 kl. 13:00-18:00

Nánari upplýsingar um námskeiðin og skráning á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, www.lbhi.is.

Verð á sæði:

1-19 sæddar ær	900 kr./sk.
20-49 sæddar ær	810 kr./sk.
50-99 sæddar ær	705 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar	660 kr./sk.
Til búnaðarsambanda	630 kr./sk.

Öll verð eru án vsk.

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær.

Flutningskostnaður verður innheimtur sé um aukasendingar utan skipulagðra daga að ræða. Innheimt verður að lágmarki 70 % af pöntuðu sæði. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót.

Sauðkindin á allt gott skilið

Sérblandað fóður fyrir íslensku sauðkindina



Fæst í 35 kg. og 500 kg. sekkjum

Nýtt! Sauðfjárblanda

Nýr og góður valkostur fyrir sauðfé. Sauðfjárblanda er með 16 % próteininnihaldi sem byggir að öllu leyti á jurtaafurðum. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Óerfðabreytt og inniheldur góða samsetningu á steinefnum og vítamínum.



Steinar, stampar og fóður

FB
FÓÐURLANDAN

Sendum um allt land

Hafðu samband
570 9800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840


FB Verslun Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum
Miðvangi 31
570 9860


FB Verslun Hellu
Suðurlandsvegi 4
570 9870

Hængur

frá Geirmundarstöðum, Skarðsströnd.



MMF: Snúður 00-911 MFFF: Otur 00-910.



	Hængur 10-903	2014	2015	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	207	147	117
	Pungi	45,5	47,0	46,2
	Fótleggur	109	109	110
	Læri	17,5	17,5	17,6
	Ull	8,0	8,0	8,0
	Ómstöðvi	31,0	30,8	30,8
	Ómfita	2,9	2,9	3,0
	Lögur	4,2	4,1	4,1

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með svipfríðan, þróttlegan haus og stuttan háls. Breiðvaxinn með fullháar herðar en mjög góðar útlögur. Bakið breitt með góðan vöðva. Malir breiðar með fremur góðri vöðvafyllingu. Lærahold þrýðisgóð og fætur sterkir. Bollengd í meðallagi. Föngulegur hrútur á velli.


Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum. Töluvert gult í ull.

Fremur ullarmikill, þelið allþykkt. Togið mikið, langt og gróft.

Reynsla: Hængur 10-903 er að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöð og hefur öll árin fengið verulega notkun. Því hafa margir synir hans komið til dóms síðustu þrjú haust. Margir af sonum hans eru glæsilegir einstaklingar og Hængur því öflugur lambafaðir. Vænleiki afkvæma hans er um meðallag en bakvöðvi þeirra góður og lærahold oft á tíðum afbragðsgóð. Hængur á orðið allstóran hóp sona í notkun víða um land og eru margir þeirra að skila afbragðsgóðum sláturlömbum. Mikil reynsla er fengin á Hæng sem ærföður en dæturnar eru frjósamar í meðallagi og sýndu afurðir aðeins undir meðallagi haustið 2015. BLUP-kynbótamat fyrir mjólkurlagni lækkaði því nokkuð milli ára. Hængur er eftir sem áður sterkur alhliða kynbótahrútur og ætli menn að nýta sér kosti hans þarf að gera það í vetur því þessi vetur verður sá síðasti sem hann verður á sæðingastöð.

Litaerfðir: Hængur er arfblendinn hvítur, með erfðavisi fyrir tvílit sem og mórauðum lit – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.



Mál og stígun:

2010-49-108-33/1,6/4,5-8,0-8,0-8,5-9,0-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig

Sprettur ÁBURÐUR

Minna ryk - Meiri gæði - Betri spretta

Pantanir: 444 3100


www.skeljungur.is/sprettur



Skeljungur


Salamon

frá Hömrum, Grundarfirði.
(keyptur frá Syðri-Bægisá, Öxnadal)



MMF-, MFFF- og MFMF: Lækur 02-031 sonur Læks 97-843.

	Salamon 10-906	2014	2015	2016
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	284	138	88
	Pungi	47,8	47,2	47,5
	Fótleggur	108	108	108
	Læri	17,6	17,6	17,7
	Ull	7,9	7,9	7,9
	Ómvöðvi	30,0	30,2	30,7
	Ómfita	2,7	2,7	2,8
	Lögun	4,1	4,1	4,0



Lýsing: Svartur, með þróttlegan haus en krapphyrndur. Herðar aðeins þröngar og háar. Bringan breið og útlögur góðar. Bakið sterkt og átaksgott. Malir vel lagaðar með ágæta vöðvafyllingu og lærahold góð. Bollengd í meðallagi. Fótstaða góð.

Ullarlýsing: Hélusvartur. Allmikið um grá hárl í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Reyfið nokkuð jafnt en styttra í baki. Togið meðalgróft.

Mál og stigun:



10-906

Reynsla: Salamon 10-906 kom á sæðingastöð sumarið 2013 og er því að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöðvunum. Hann er því orðinn mikið reyndur og kostir hans þekktir. Ferill hans hefur verið farsæll en hann hefur reynt öflugur alhliða kynbótahrútur. Hann hefur þegar skilað efnilegum arftaka, en sonur hans Tinni 15-968 var fenginn inn á sæðingastöð nú í haust. Lömbin undan Salamon eru jafnan þrýðilega sköpuð og hóflega feit en stundum aðeins gróf um herðar.

BLUP-kynbótamat Salamons fyrir frjósemi lækkaði aðeins milli ára en tveggja vetra dætur hans náðu ekki að fylgja eftir þeirri góðu frjósemi sem þær sýndu á fyrsta ári. Frjósemi þeirra er þó enn vel yfir meðallagi og afurðasemi þeirra er mjög góð.

Litaerfðir: Salamon er svartur, hefur erfðavísi fyrir tvílit en ekki fyrir mórauðum lit – gefur hrein hvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


2010-45-107-31/2,2/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig

Höfðingi

frá Leiðólfsstöðum, Laxárdal.



	Höfðingi 10-907	2015	2016
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	163	96
	Pungi	46,7	49,5
	Fótleggur	109	110
	Læri	17,2	17,4
	Ull	8,0	7,9
	Ómvöðvi	29,0	29,4
	Ómfita	3,2	3,3
	Lögun	3,9	3,9



Lýsing: Hyrndur, mórauður með svipmikinn haus. Fremur grófur um herðar og útlögur í meðallagi. Bak sterkt, malir langar og fylling þokkaleg. Lærövöðvi er kúptur og vel lagaður. Höfðingi er bollangur hrútur og myndarlegur á velli.

Ullarlýsing: Dökkmórauður með mikla og fallega mórauða ull. Mórauði liturinn er jafn um allt reyfi. Togið í meðallagi gróft og jafnt, fremur hrokkið.

Mál og stigun:



10-919

Reynsla: Höfðingi 10-919 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur fengið talsverða notkun síðustu tvo vetur. Mörg ágæt hrútsfni er að finna í afkvæmahóp hans en gerð afkvæmanna er breytileg. Mörg eru fallega mórauð enda megintilgangurinn með veru Höfðingja á stöð að kynbæta mórauða féð í landinu. Þessi vetur er líklega sá síðasti sem hann verður á sæðingastöð og þeir bændur sem ætla sér að nota hann, ættu að gera það í vetur.

Mikil reynsla er fengin á Höfðingja sem ærföður og lækkaði BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika lítillaga milli ára. Dætur hans eru frjósamar í meðallagi og ágætær mjólkurær.

Litaerfðir: Höfðingi er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – erfir ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


2010-50-111-31/2,9/4,5-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=85,0 stig

Kölski

frá Svínafelli 2 - Víðihlíð, Örfæsasveit.

Ætt:


Kölski 10-920



10-920

MMF: Vísir 01-892, MMMF: Víðir 98-887

	Kölski 10-920	2015	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	307	276
	Pungi	46,3	48,0
	Fótleggur	109	110
	Læri	17,6	17,7
	Ull	7,8	7,8
	Ómvöðvi	30,2	31,1
	Ómfita	2,9	3,0
	Lögur	4,1	4,1



Lýsing: Hvítur, krapp-hyrndur með svipmikinn haus. Bringan er breið og herðar með góðri holdfyllingu en lítills-háttar slöður fyrir aftan bóga. Breitt og sterkt bak. Mala- og lærahold góð. Kölski er sterklegur hrútur, bollangur og samsvarar sér vel.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum og mikið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Ullarstuttur í baki. Togið meðalfínt en stutt ofantil. Svört doppa á mölum.

Reynsla: Kölski 10-920 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur fengið mikla notkun síðustu tvo vetur og því komin víðtæk reynsla á hann. Þessi reynsla styrkir stöðu hans sem eins álitlegasta alhlíða kynbótahrúts stöðvanna í dag líkt og BLUP-kynbótamat hans gefur til kynna. Hann stendur sig þrýðilega sem lambafaðir þó hann sé þar ekki í fremstu röð. Að jafnaði mælast lömbin með þykkan bakvöðva, eru ágætlega þroskamikil og tígulleg á velli.

Miklar væntingar voru gerðar til hans sem ærföður og ekki minnkuðu þær í vor þegar fyrsti árgangur dætra tilkominn með sæðingum kom til uppgjors. Þær sýndu góða frjósemi og hækkaði kynbótamat hans enn frekar. Kölski hefur hæsta kynbótamat fyrir frjósemi dætra af þeim sæðingastöðvahrútum sem ekki bera sérstakan frjósemisefðavisi. Mjólkurlagni dætra hans á heimabúi hefur verið mikil en betri dómur fæst á þann þátt eftir haustuppgjör yfirstandandi árs þegar veturgömlu ærnar vítt og breitt um landið koma til uppgjors. Kölski er því einn allra athyglisverðasti ærfaðirinn sem er í boði á stöðvunum í vetur.

Litaerfðir: Kölski er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:



2010-40-109-30/2,1/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,5 stig

Kornelíus

frá Stóru Tjörnum, Ljósavatnsskarði

Ætt:


Kornelíus 10-945



10-945

MF: Stapi 01-091 var faðir Grána 03-957, MFF: Prúður 94-834, MMMF: Fólí 88-911.

	Kornelíus 10-945	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	237
	Pungi	49,1
	Fótleggur	109
	Læri	17,7
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	30,0
	Ómfita	3,2
	Lögur	4,1



Lýsing: Grábotnóttur með fríðan haus og vel hyrndur. Háls sver, herðar í herra lagi en þrýðilega holdfylltar. Bakhold góð. Holdfylling í mölum og lærum ágæt. Mjög bollangur, stór og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing: Grábotnóttur en grái liturinn ójafn, ullin fremur lítil. Pelið nokkuð jafnt en ekki þykkt. Togið mjög stutt en fremur fínt.

Reynsla: Kornelíus 10-945 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann fékk mikla notkun

síðasta vetur og stór hópur hrútlamba kom til skoðunar undan honum í haust. Nokkur breytileiki er í afkvæmahóp hans hvað gerð snertir en finna mátti þar marga úrválgripi þar sem áberandi góð mala- og lærahold eru aðalmerki afkvæmanna. Örfáir synir hans hafa skilað þroskamiklum og góðum sláturlömbum á þeim búum þar sem þeir eru í notkun.

Fremur takmörkuð reynsla er fengin af dætrum hans þar sem hann fékk takmarkaða notkun fyrstu þrjú æviárin líkt og getið var um í hrúta-skrá síðasta árs. BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir að dætur hans verði bæði frjósamir og góðar mjólkurær. Haustið 2015 var skilað skýrslum fyrir 14 dætur hans sem höfðu 5,5 afurðastig að jafnaði og sýndu frjósemi aðeins yfir búsméðaltali.

Kornelíus sameinar vel alla þá kosti sem góður alhlíðahrútur býr yfir, sem mælir með notkun hans.

Litaerfðir: Kornelíus er arfblendinn fyrir gráum og botnóttum lit í A-sæti. Jafnframt hefur hann erfðavisi fyrir mórauðum lit og tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

Mál og stigun:

2010-54-116-36/2,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=85,5 stig

Drífandi

frá Hesti, Borgarfirði.



FMF: Kveikur 05-965.

	Drífandi 11-895	2013	2014	2015	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	149	61	73	86
	Þungi	44,4	44,9	45,1	48,0
	Fótleggur	109	109	108	110
	Læri	17,5	17,6	17,4	17,7
	Ull	7,8	7,9	7,9	7,9
	Ómvöðvi	29,2	30,7	29,9	30,2
	Ómfita	2,6	2,8	2,7	2,9
	Lögun	4,0	4,2	4,0	4,1

Lýsing: Svartur, fínhyrndur með svipfríðan haus. Hvelfur bolur með miklar útlögur og breiðar, holdfylltar herðar. Mjög góð bakhold. Malir í meðallagi langar, breiðar og vel holdfylltar. Lærnöðvi þykkur og kúptur, fyllir feikna vel í krika. Prúður og samanrekinn holdahnaus.

Ullarlýsing: Ullarmikill með jafnt og þykkt reyfi.



11-895


Örlítið um grá hár. Togið hrokkið, meðalfint og jafnt um allt reyfið.

Reynsla: Drífandi 11-895 kom inn á stöð haustið 2012 og hefur nú sinn fimmta vetur á sæðingastöð. Hann hefur aldrei verið í hópi tískuhrúta stöðvanna, en átt farsælan feril og reynst vel. Drífandi hefur margsýnt að hann er feikigóður lambafaðir sem skilar ákaflega vel gerðum og þéttvöxnum lömbum.

Drífandi er orðinn mjög reyndur ærfaðir og er frjósemi dætranna mjög mikil en mjólkurlagni þeirra um meðallag. Drífandi er orðinn það reyndur hrútur að BLUP-kynbótamat hans gefur rétta mynd af kostum hans sem kynbótahrúts. Þetta mun verða síðasta ár hans á sæðingastöð.

Litaerfðir: Drífandi er arfhreinn svartur, gefur hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.




Mál og stigun:

2011-47-108-30/1,9/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,0=86,5 stig

Kraftur

frá Hagalandi, Þistilfirði.
(Keyptur frá Laxárdal, Þistilfirði)



MMF og FMMF: Fróði 04-963, MMMF: Moli 00-882

	Kraftur 11-947	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	119
	Þungi	49,1
	Fótleggur	109
	Læri	17,6
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	30,3
	Ómfita	2,7
	Lögun	4,2

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með sver horn. Haus þróttlegur og háls sver og vel bundinn. Herðar í hærra lagi en holdfylltar. Útlögur geysimiklar. Bakið sterkt og holdfyllt. Malir kúptar og vel vöðvaðar. Lærhold góð. Bollangur og sterkbyggður hrútur. Fætur sterkir og fótstaða góð.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Svört doppa á bol, í baki og á síðu. Engin gul hár í reyfi. Ullarmagn í með-



11-947

allagi. Pel allþykkt. Togið fremur gróft, stutt í baki en hrokkið.

Reynsla: Kraftur 11-947 hefur nú sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann hafði vakið athygli í Laxárdal sem mjög lofandi alhliða kynbótahrútur. Þessi fyrsta reynsla af Krafti í gegnum sæðingar sýnir að hann er þrýðilegur lambafaðir þó hann hafi ekki komist á stall með þeim albestu. Vænleiki lambanna var jafnan góður og afkvæmi hans eru þau fituminnstu af öllum sæðingastöðvahrútum þegar horft er til fituþykktar við ómmælingar. Nokkrir synir hans hafa sýnt mjög athyglisverða útkomu sem lambafeður.

BLUP-kynbótamat Krafts fyrir frjósemi hækkaði að loknu voruppjöri og mjólkurlagni dætra hans virðist lofa góðu en allar upplýsingar byggja enn sem komið er á dætrum í hans heimasveit. Kraftur telst því enn vera lofandi alhliða kynbótahrútur.

Litaerfðir: Kraftur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:


2011-44-108-32/2,1/5,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=85,5 stig

Gróði


frá Hólsgerði, Eyjafjarðarsveit

Ætt:

Gróði 11-958



MFF: Raftur 05-966; MFME: Húnn 92-809



Lýsing: Hvítur, fagur-hyrndur með fríðan haus og völdugan svip. Herðar breiðar og holdfylltar. Bolurinn hvelfdur og víður. Sterkt og breitt bak. Malir breiðar og holdfylltar. Lærvoðvi ákaflega kúptur og lokar klofi vel. Fótstaða góð. Höfðinglegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Aðeins um gul hár í mölum. Ullarmagn í meðallagi. Tog gróft og stutt, sérstaklega ofantil. Pelið þökkalega jafnt.

Reynsla: Gróði 11-958 var tekinn í hóp sæðingastöðvahrúta sumarið 2016. Hann kemur úr lítilli hjörð þar sem stunduð er vönduð og metnaðarfull fjárrækt. Val hans byggir m.a. á þeim yfirburðum sem lamba-



11-958

hópar undan honum hafa haft í flokkun sl. 5 ár heima í Hólsgerði en sú reynsla hefur skilað honum í hóp hæstu hrúta landsins m.t.t. BLUP-kynbótamats fyrir gerð. Afkvæmi hans flokkast ákaflega vel þó þeim sé lógað snemma og séu ekki búin að taka út fullan þroska. Þannig var meðaleinkunn fyrir gerð 10,9 og einkunn fyrir fitu 6,0 við 15,3 kg fallþunga haustið 2012. Þá var meðaltal búans 16,0 kg fall, gerðareinkunn 9,9 og fitueinkunn 6,6.

Takmörkuð reynsla er komin á Gróða sem ærföður en BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika gefur góð fyrirheit. Hann átti 12 dætur í uppgjöri búans nú í haust. Þær voru aðeins undir búsméðaltali fyrir frjósemi en höfðu að jafnaði 5,3 afurðastig.

Móðir hans, Iðunn 08-840 var tvílembd gemlingsárið, einu sinni einlembd á fullorðinsárum en annars tvílembd með 5,1 afurðastig.

Litaerfðir: Gróði er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stígun:

2011-52-109-31/2,4/4,5-8,0-9,0-8,5-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,0 stig

Hörður


frá Gerði, Suðursveit

Ætt:

Hörður 11-959



MMFF: Lóði 00-871



Lýsing: Hvítur (kolóttur), krapphyrndur með svipmikinn haus. Bolurinn sívalur en herðar örliði í hærra og skarpara lagi en með góðri vöðvafyllingu. Breitt og sterkt bak. Öflug mala- og lærahold. Sterkleg fótstaða. Harðholda með

sterka afturbyggingu. Rólegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Mikið gult í reyfi og svartar doppur nokkuð víða. Ullarmagn í tæpu meðallagi og ullin stutt. Togið stutt en jafnt. Pel lítið en jafnt.

Reynsla: Hörður 11-959 var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2016 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður á heimabúi. Þar eru til upplýsingar um nærri 500 afkvæmi hans sem hafa reynst



11-959

þroskamikil, afbragðsvel gerð samhlíða hóflegri fitusöfnun. Haustið 2015 var fallþungi afkvæma hans 17,8 kg, einkunn fyrir gerð 10,0 og einkunn fyrir fitu 7,6. Meðalfallþungi á búinu sama ár var 17,0 kg, einkunn fyrir gerð 9,0 og einkunn fyrir fitu 7,3. Við skoðun lamba haustið 2016 báru afkvæmi Harðar af í samanburði annarra hrúta á bænum. Samhlíða stórum afkvæmahópi fer dætrahópur Harðar stækkandi í Gerði og því nokkur reynsla fengin af dætrum hans. Árið 2015 voru þær um meðaltal hvað frjósemi snertir og höfðu að jafnaði 5,2 afurðastig. Í Herði sameinast því kostir alhliðahrúts, þeir kostir sem sauðfjárræktendur vinna við að bæta ár frá ári. Þeir ættu því að horfa til Harðar í vetur sem er lífsreynður hrútur líkt og myndin af honum gefur til kynna.

Móðir hans, Öxi 09-908 varð frekar skamlíf, tvílembd gemlingur og svo tvisvar tvílembd eftir það, en fargað haustið 2012. Afurðastig hennar eru 6,1.

Litaerfðir: Hörður er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti og tvílit en erfir ekki mórauðan lit – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stígun:


2011-46-107-30/2,5/4,0-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-7,5-8,0-8,0=82,5 stig



GÆÐA ÁBURÐUR Á GÓÐU VERÐI

EINKORNA & FJÖLKORNA

Stöðug aukning á sölu milli ára



Búvís

2006-2016




Búvís ehf • Akureyri • Sími 465 1332 • www.buvis.is

Hrauni

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.

Ætt:



MFF: Áll 00-868, FMMF: Lóði 00-871, MFMF: Moli 00-882.



12-948

Hrauni 12-948		2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	112
	Þungi	47,8
	Fótleggur	108
	Læri	17,6
	Ull	7,9
	Ómvoðvi	30,6
	Ómfita	2,9
	Lögun	4,1

Lýsing: Hvítur, sverhyrndur, með svipmikinn og fríðan haus. Háls sver, herðar breiðar og kjöttfylltar og bolurinn sívalur. Bakið kúpt, sterkt og vöðvafyllt. Vöðvafylling í mölum góð, lærvöðvi þykkur og vel lagaður. Fótstaða góð. Glæsikind á velli.

Ullarlýsing: Ljósugulur á fótum. Svört doppa í baki. Lítið um gul hár í reyfi. Pelið jafnt og nokkuð þykkt. Togið fremur stutt, mjúkt,


hrokkið og gljáandi en grófara á mölum og lærum. Ullarprúður.

Reynsla: Hrauni 12-948 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en þangað kom hann að lokinni afkvæmarannsókn á Hjarðarfelli haustið 2015. Hrauni fékk talsverða notkun síðasta vetur og allstór hópur sona hans kom til skoðunar nú í haust. Í hópnun mátti finna allmörg hrúts-efni þó Hrauni keppti ekki við bestu sæðingastöðvahrútana m.t.t. skrokkgæðaeiginleika.

Aukin reynsla er að fást á dætur Hrauna en BLUP-kynbótamatíð segir að frjósemi dætranna verði um meðaltal og að þær verði ágætær afurðær. Dætur hans sýndu góða frjósemi í vor og 17 dætur hans höfðu að jafnaði 4,7 afurðastig haustið 2015.

Litaerfðir: Hrauni er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.



Mál og stígun:

2012-45-106-31/3,1/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,5 stig

Kaldi

frá Oddsstöðum, Lundarreykjadal

Ætt:



FMMF: Abel 00-890, FMMF: Eir 00-881, MMFF: Túli 08-858, MMMF: Sunni 96-830.

Kaldi 12-950		2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	209
	Þungi	47,9
	Fótleggur	108
	Læri	17,7
	Ull	7,9
	Ómvoðvi	30,4
	Ómfita	2,9
	Lögun	4,1

Lýsing: Hvítur, fínhyrndur með svipfríðan haus, aðeins dröfnóttur. Frampartur vel lagaður og holdfylltur. Bak holdgróð og malir vel holdfylltar. Lærvöðvi þykkur og vel lagaður. Fótstaða góð. Snotur hrútur.

Ullarlýsing: Aðeins gulur í hnakka og á fótum. Töluvert um gul hár í reyfi, mest í baki og á mölum. Togið hrokkið, styttra í baki en lengra og grófara á síðum. Pelið fremur jafnt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.




12-950

Reynsla: Kaldi 12-950 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en hann var fenginn þangað að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2015 en hafði áður skilað framúrskarandi niðurstöðum heima á Oddsstöðum. Einkenni afkvæma hans er góður vænleiki samhliða góðri gerð og lítilli fitu. Þessir kostir afkvæma hans voru staðfestir í haust við skoðun lamba um allt land eftir víðtæka notkun síðasta vetur. Kaldi er því gríðarlega öflugur lambafaðir m.t.t. skrokkgæðaeiginleika og virðast nokkrir synir hans einnig skila sambærilegum niðurstöðum. Dætrahópur Kalda er enn frekar smár en þær hafa sýnt góða frjósemi og ágæta afurðasemi líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna.

Litaerfðir: Kaldi er arfblendinn fyrir golsóttum erfðavisi í A-sæti, erfir mórauðan lit og tvílit - gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



Mál og stígun:

2012-44-105-35/3,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig



Stakar uppskriftir er að finna á www.lopidesign.is

Íslenska ullin er einstök




Lækur

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.


Ætt:

Lækur 13-928




MFF: Lundi 03-945, FMFF: Raftur 05-966; MFMF: Lóði 00-871, MMFF: Dreitill 00-891.

	Lækur 13-928	2015	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	108	73
	Pungi	45,9	48,2
	Fótleggur	107	108
	Læri	17,6	17,6
	Ull	7,9	7,8
	Ómvoðvi	30,0	30,9
	Ómfita	3,0	3,0
	Lögun	4,0	3,9



Lýsing: Hvítur, með stuttan fremur friðan haus, grófhyrndur. Herðar þokkalega breiðar og brjóstkassi mjög vel sívalur. Bakið áttakgott. Mala- og lærahold afbragðsgóð. Bollengd í meðallagi. Lækur er jafnvaxinn hrútur og fagaður að allri gerð.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Ör-lítið gult í reyfi. Fremur ullarmikill og reyfið jafnt. Togið fremur fíngert, hrokkið og gljáandi.



13-928

Reynsla: Lækur 13-928 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur fengið nokkra notkun bæði árin og afkvæmum, sem komið hafa til skoðunar undan honum, svipar mjög til föður síns. Afkvæmi hans eru um meðaltal í vænleika, mjög vel gerð en sum full bolstutt. Aukin reynsla er að fást á dætur Læks en þær eru um meðallag hvað frjósemi snertir og góðar afurðaðar en veturgamlar dætur hans í Ytri-Skógum höfðu 5,3 afurðastig að jafnaði haustið 2015. Lækur er því kynbótahrútur sem bændur ættu að horfa meira til en raunin var síðustu tvö ár.

Litaerfðir: Lækur er arfblendinn hvítur, erfir mórauðan lit og tvílít - gefur hreinhvítt.

Artgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2013-49-106-29/3,3/4,0-8,0-9,0-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=86,0 stig

Börkur

frá Efri Fitjum, Fitjárdal.


Ætt:

Börkur 13-952



MMFF: Ljóri 95-828.

	Börkur 13-952	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	247
	Pungi	49,3
	Fótleggur	110
	Læri	17,7
	Ull	7,9
	Ómvoðvi	31,2
	Ómfita	2,9
	Lögun	4,2



Lýsing: Hvítur, krapphyrndur en svartdröfnóttur á haus. Háls og herðar vel vöðvafylltar en vottur af slöðri fyrir aftan bóga. Bakhold góð og malir breiðar og ágætlega holdfylltar. Lærvöðinn þykkur og vel lagaður. Fótstaða góð. Rösklegur hrútur.

Ullarlýsing: Ljósugulur í hnakka og á fótum. Töluvert um gul hár í reyfi, meira aftantil. Svört doppa á mölum. Ullarlítill. Þelið jafnt, togið gróft og strítt.



13-952

Reynsla: Börkur 13-952 kom á sæðingastöð að lokinni afkvæmaprófun úrvalshrúta í Miðfjarðarhólfi haustið 2015. Þar háðu þeir býsna tvísýna baráttu um toppsætið Börkur og Burkni 13-951 frá Mýrum 2. Báðir þessir hrútar hafa þegar sýnt að þeir eru „stjörnuhrútar“ sem lamba- feður. Börkur var mikið notaður og stór hópur sona hans kom til dóms nú í haust. Það sem einkennir afkvæmi Barkar er gríðarlegur þroski samhliða góðri gerð. Þau lömb sem fóru í sláturhús skárust mjög vel en rúm 14% þeirra fóru í holdfyllingarflokk E. Víða var hópur sona hans í efstu sætum á sameiginlegum lambhrútasýningum í haust. Börkur hefur því skipað sér í fremstu röð meðal sæðingastöðvahrúta sem lambafaðir.

Börkur hefur enn litla reynslu sem ærfaðir en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika er lofandi. Dætur hans á heimabúi sýndu mjög góða frjósemi í vor og höfðu 5,6 afurðastig að jafnaði nú í haust. Áberandi mörg afkvæmi dætra hans flokkuðust í holdfyllingarflokk E.

Litaerfðir: Börkur er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.

Artgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2013-55-107-31/5,7/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=85,5 stig

Tangi

frá Klifmýri, Skarðsströnd. (Keyptur frá Svarfhóli, Laxárdal)

Ætt:



FMF: Hylur 01-883, FMMF: Snúður 00-911, MMFF: Áll 00-868.



Tangi 13-954		2016
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	65
	Þungi	48,0
	Fótleggur	109
	Læri	17,9
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	31,5
	Ómfita	2,9
	Lögun	4,2

Lýsing: Hvítur, fin-hyrndur með fríðan haus. Háls vel bundinn við búk en bolvídd í meðallagi. Örlítið slöður fyrir aftan bóga. Holdfylling í baki og á mölum góð, lærahold mikil og vöðvinn vel lagaður. Fætur réttir og sterkir. Hrútur sem samsvarar sér vel og er fallegur á velli.

Ullarlýsing: Ljósulur á haus, fótum og dindli. Örlítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þel þykkt og glansandi. Togið fremur fínt. Ull falleg.


Reynsla: Tangi 13-954 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð og kom þangað á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður á Svarfhóli í Laxárdal. Hann fékk frekar dræma notkun en þeir bændur sem hann notuðu geta ekki kvartað því Tangi er yfirburðahrútur er kemur að skrokkgæðaeiginleikum afkvæma. Synir hans sem komu til skoðunar eru um meðaltal hvað vænleika snertir, hafa þykka vöðva, litla fitu og áberandi vel lagaðan bakvöðva. Í þessum hópi mátti finna mörg hrútsefni og glæsilega einstaklinga.

BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að Tangi muni skila ám sem verða þökkalega frjósamar og ágætær afurðær. Fyrstu vísbendingar útrá reynslu dætra benda til hins sama.

Tangi er því mjög spennandi kostur og efni í öflugan alhliða kynbóta-hrút sem á mun víðtækari notkun skilda en hann fékk síðasta vetur.

Litaerfdir: Tangi er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



Mál og stigun: 2013-49-110-31/2,5/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=84,5 stig



Bústólpi
FÖÐUR OG ÁBURÐUR


Kraftblanda

Fiskmjölsríkt kjarnfóður fyrir sauðfé




Bergur

frá Bergsstöðum, Miðfirði




MMF: Jón Páll 04-990; MMF: Raftur 05-966



Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með myndarlegan haus. Aðeins hár um herðar, bringan breið og mjög miklar útlögur. Bakið breitt og sterklegt. Fádæma breiðar malir og frábær lærahold. Sterklegir fætur. Langvaxinn hrútur og voldugur á velli.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á fótum og í dindli. Gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Pel þykkt og jafnt. Tog stutt og hrokkið, mýkra í baki en strýkennt og gróft á síðu.

Reynsla: Bergur 13-961 (áður Börkur) kom á sæðingastöð sumarið 2016. Hann er sonur Runna 11-014 frá Urriðaá sem er öflugasti sonur Laufa 08-848 frá Bergsstöðum á Vatnsnesi og er mjög áhrifamikill í



fjarræktinni á mörgum búum í Miðfjarðarhólfinu um þessar mundir. Runni var til skoðunar fyrir sæðingastöðvarnar á sínum tíma en reyndist með áhættuarfgerð gagnvart riðusmiti. Bergur á farsælan feril að baki heima á Bergsstöðum sem einn af topphrútum þess öfluga sauðfjárs. Haustið 2015 var meðalfallþungi rúmlega 100 sláturlamba undan honum 19,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,1 og fyrir fitu 7,8. Búsmeðaltal sama ár var 19,2 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,8 og einkunn fyrir fitu 7,5.

Líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna er Bergur bráðefnilegur ærfaðir. Í vor áttu 11 tveggja vetra dætur hans að jafnaði 2,2 lömb og 13 gemlingar að jafnaði 1,7 lömb sem er frjósemi yfir búsmeðaltali. Haustið 2015 höfðu veturgamlar dætur hans að jafnaði 5,5 afurðastig.

Móðir hans, 09-084 var einlembd gemlingsárið, hefur einu sinni verið þrílembd en annars tvílembd með 8,5 afurðastig.

Litaerfðir: Bergur er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stígun:


2013-57-107-32/5,6/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig

Klettur

frá Borgarfelli, Skaftártungu



FMFF: Hylur 01-883; MMFF: Mölur 95-812; MMMF: Bútur 93-982



Lýsing: Hvítur, hyrndur, all útlögugóður hrútur með aðeins hrjúfar herðar. Bakið ágætlega vöðvafyllt. Malir vöðvaðar, lærvöðvi þykkur. Bollengd í góðu meðallagi.

Ullarlýsing: Írauður á haus og fótum, fremur ullarlítil. Gul hár ekki áberandi í reyfi en svartar doppur fundust. Tog hrokkið með góðan gljáa en nokkuð gróft. Pel frekar lítið.



Reynsla: Klettur 13-962 kom á sæðingastöð sumarið 2016 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður á heimabúi. Afkvæmi hans hafa verið um meðallag í vænleika en Haustið 2014 var fallþungi afkvæma hans 18,1 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og einkunn fyrir fitu 6,0. Það árið var fallþungi á búinu 17,1 kg, einkunn fyrir gerð 9,3 og einkunn fyrir fitu 6,3.

Við val Kletts var ekki síður horft til þess að hann er efni í góðan ærföður líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna. Fyrstu vísbendingar um dætur hans heima á Borgarfelli benda einnig til að svo sé.

Móðir hans, Gunnlöð 08-932 hefur reynst farsæl afurðær, einlembd gemlingur og einu sinni eftir það annars þrílembd með 9,9 afurðastig. Klettur er einn þriggja sona Gunnlaðar sem valdir hafa verið til lífs.

Litaerfðir: Klettur er arfblendinn hvítur – gefur mórætt en ekki tvílítt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stígun:


2013-57-115-33/1,7/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-19,0-7,5-8,0-8,5=87,0 stig

Bjartur

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum



*Pysja 06-519 var móðir Prúðs 11-896; MMF: Lómur 02-923



Lýsing: Hreinhvítur, með smáfríðan haus og vanin horn. Herðar breiðar og kúptar. Bringan breið og útlögur góðar. Átaks-gott bak og frábær mala- og lærahold. Bollengd í meðallagi. Fótstaða góð. Gæfur og samanrekin holdahnaus.

Ullarlýsing: Hrein-

hvítur og ullarmagn í góðu meðallagi. Tog hrokkíð, fremur mjúkt en styttra í baki. Pel jafnt.

Reynsla: Bjartur 15-967 er annar tveggja hrúta sem valdir voru fyrir sæðingastöðvarnar að aflokinni afkvæmarannsókn veturgamalla

hrúta í Ytri-Skógum haustið 2016. Við mælingar og mat á lifandi hrútlömbum sýndi afkvæmahópur Bjarts mikla yfirburði með 157 í einkunn fyrir líflambahlutann þar sem meðalbakvöðvi afkvæmanna var 32,3 mm en meðaltal rannsóknarinnar var 30,1 mm. Meðalfallþungi afkvæma hans var 18,1 kg, einkunn fyrir gerð 11,2 og einkunn fyrir fitu 7,0. Meðalfallþunginn í afkvæmarannsókninni var 17,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,1 og fyrir fitu 6,6.

BLUP-kynbótamat Bjarts fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að dætur hans verði frjósamar í meðallagi og einnig meðalgóðar afurðaaer.

Móðir hans, Æsa 13-910 var tvílembd gemlingur og tvisvar eftir það með 8,1 afurðastig.

Litaerfðir: Bjartur er arfblendinn hvítur en erfir ekki mórauðan lit – gefur hreinhvítan lit og tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stígun:

2015-55-108-31/3,8/4,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=86,5 stig

FER FÉ BETRA

Rekstrangangur með flokkunarhliðum

99.990 kr. + vsk*

Veltibás til klaufsnyrtingar

199.900 kr. + vsk*

Fjærvogir

Frá 149.000 kr. + vsk*

Heygrindur

Frá 8.984 kr. + vsk*

Hliðgrindur í úrvali

Frá 14.880 kr. + vsk*



*Sértilboð til áramóta og á meðan birgðir endast.

Hafðu samband í síma 480 5600 eða á landstolpi@landstolpi.is og fáðu nánari upplýsingar

Landstólpi Gunnbjarnarholti 801 Selfoss s.480 5600 landstolpi@landstolpi.is www.landstolpi.is




Hroki

frá Hesti, Borgarfirði



MFMF: Fannar 07-808; MMFF: Raftur 05-966



Lýsing: Hvítur, fínhyrndur. Holdfylling um háls og herðar ágæt en útlögur í meðallagi. Bakið átaksgott. Malir fremur stuttar en breiðar. Ágæt lærahold. Fótstaða góð. Bollengd í meðallagi. Gæfur og geðgóður hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum, mikið

um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Tog þokkalega jafnt. Þel jafnt um allt reyfi.

Reynsla: Hroki 15-969 var fenginn á stöð þegar niðurstöður afkvæmarannsóknar á Hesti haustið 2016 lágu fyrir. Afkvæmahópur hans var

frekar smár í rannsókninni en þau voru væn og mældust með þykkasta bakvöðvann. Afkvæmahópur Hroka stóð næstefstur þegar hópnum var raðað eftir lögun bakvöðva og fékk hæstu einkunn allra hópa fyrir gerð framparts. Meðalfallþungi tvílembingshrútlambanna undan honum var 17,5 kg, einkunn fyrir gerð 9,1 og einkunn fyrir fitu 4,3. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í afkvæmarannsókninni var 16,2 kg, einkunn fyrir gerð 9,0 og fyrir fitu 4,7. Hroki býr því yfir góðum skrokkgæðaeiginleikum þó hann sé ekki með öflugustu hrútum m.t.t. holdfyllingar afkvæma.

BLUP-kynbótamat Hroka fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að dætur hans verði í meðallagi frjósamar en mjög góðar mjólkurær. Við val hans á stöð var ekki síst horft á þann eiginleika.

Móðir hans, 12-417 er öflug afurðæær, tvílembd gemlingur og öll vor eftir það, með 8,4 afurðastig.

Litaerfðir: Hroki er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi


Mál og stígun:

2015-46-110-34/4,5/3,5-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=84,0 stig

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Roði

frá Melum 1, Árneshreppi
(keyptur frá Heydalsá (RB), Steingrímsfirði)



FMF: Frakksson 03-974, FFMF: Partur 99-914, MFF: Ljómi 92-971, MMF: Glæsir 98-876



	Roði 10-897	2014	2015	2016
LAMBRÚTASÖÐUN	Fjöldi	265	83	33
	Pungi	49,2	49,3	51,8
	Fótleggur	111	111	112
	Læri	17,4	17,6	17,5
	Ull	7,8	7,9	8,0
	Ömnvöðvi	28,8	29,3	29,9
	Ömfita	3,1	3,3	3,4
	Lögun	4,0	4,0	3,9

Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus, með breiðan og vöðvafylltan háls og herðar og miklar útlögur. Bakið mjög breitt og átokugott. Malir mjög vel vöðvafylltar. Lærsvöðvi kúptur og fyllir vel upp í klofið. Fætur réttir og sterklegur. Tignarlegur hrútur á velli, bollangur og breiðvaxinn.

Ullarlýsing: Sterkgulur á haus, fótum og á dindli

en ekki fannst mikið af gulum hárum í reyfi. Feiknalega ullarmikill. Þel-ið þykkt. Togið jafnt og fremur fínt, aðeins gróft í síðum.

Reynsla: Roði 10-897 er að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöð. Upphaflega var hann valinn inn á stöð að aflokinni stórrí afkvæmarannsókn í Strandasýslu. Síðan þá hefur sannast með víðtækri reynslu að hann er góður lambafaðir sem skilar miklu af virkjamiklum, glæsilegum og vel gerðum lömbum þó oft séu þau fullmikið gul á ullina.

Töluverð reynsla er komin á Roða sem ærföður og gefur BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika því mjög glögga mynd af því fyrir hvað hann stendur. Dætur hans eru undir meðallagi hvað frjósemi snertir en hörkugóðar mjólkurær.

Litaerfðir: Roði er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:

2010-48-111-29/2,3/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-18,5-7,5-8,0-9,0=87,0 stig

Þoku-Hreinn

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



MMFF: Ægir 01-916, *Bolla 02-419 var móðir Bolla 06-821, FMF: Styggur 99-877.



13-937

	Þoku-Hreinn 13-937	2015	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	51	27
	Pungi	47,0	48,5
	Fótleggur	110	111
	Læri	17,1	17,1
	Ull	8,1	8,0
	Ómvöðvi	29,2	30,2
	Ómfita	3,1	3,4
	Lögur	3,8	3,9


Lýsing: Hvítur, kollóttur með smágerðan en fríðan haus. Herðar ágætlega holdfylltar og þökkalegar útlögur. Bak ágætt og malir nokkuð vel lagaðar. Lærahold í góðu meðallagi.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Dröfnóttur á eyrum. Ullarmikill. Gul hár fundust ekki í reyfi en það er jafnt og þykkt. Togið nokkuð mikið og í meðallagi fint.

Reynsla: Þoku-Hreinn 13-937 kom á sæðingastöð haustið 2014 sem fyrsti arfhreini Þokugenshrúturinn í tenglum við verkefni sem miðar að því að stöðvarnar bjóði sæði úr hrútum með þann eiginleika. Þoku-Hreinn á að nota til þess að fá undan honum gimbrar til ásetnings svo hafa megi betri stjórn á því hversu margar ær er með þennan eiginleika á hverjum tíma. Afkvæmi Þoku-Hreins eru mörg hver þroskamikill með þykkan bakvöðva, full breytileg að gerð en frískleikakindur.

Litaerfðir: Þoku-Hreinn er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.




Mál og stigun:

2013-46-108-27/3,0/3,5-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-7,5-8,0-8,0=82,5 stig

Krapi

frá Innri Múla, Barðaströnd.



MMFF: Glópur 00-930, MMF: Frakksson 03-974, MMMF: Arfi 99-873.



13-940

	Krapi 13-940	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	359
	Pungi	49,0
	Fótleggur	110
	Læri	17,6
	Ull	8,2
	Ómvöðvi	29,8
	Ómfita	3,2
	Lögur	3,9

Lýsing: Hvítur, kollóttur með stuttan og fríðan haus. Herðar breiðar og holdfylltar, bolarinn mjög hvelfdur. Bakið sterkt og vel holdfyllt. Malir kúptar, breiðar og vel holdfylltar. Lærahold frábær. Fótstaða er rétt, en kjúkur á framfótum fremur linar. Krapi er bollangur og glæsilegur á velli.


Ullarlýsing: Hreinhvítur, fremur ullarmikill. Pel þykkt. Togið misjafnt, mjög stutt í baki en meðalfint.

Reynsla: Krapi 13-940 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð og var mest notaði hrútur sæðingastöðvanna síðasta vetur. Gríðarlega stór hópur sona hans kom til skoðunar í haust og margt mjög glæsilegra einstaklinga var að finna í þeim hópi. Afkvæmi hans mátti oft þekkja á mjög öflugum afturparti þegar þau komu til skoðunar en þykkt bakvöðva var nokkuð breytileg. Nokkuð bar á fótagöllum í sonum hans (8%), voru slakir í kjúkum á framfótum líkt og hann sjálfur er. Krapi er eftir sem áður mjög öflugur lambafaðir.

Aukin reynsla er að fást á dætur hans, þær sýndu mjög góða frjósemi í vor og er BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi óbreytt frá fyrra ári. Kynbótamat fyrir mjólurlagni hefur lækkað en dætur hans heima á Innri Múla sýndu afurðir aðeins undir búsméðaltali haustið 2015, höfðu 4,3 afurðastig að jafnaði.

Litaerfðir: Krapi er arfblendinn hvítur, gefur tvílit en ekki mórauðan lit – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



Mál og stigun:

2013-47-108-27/3,2/4,0-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-9,0-8,0-8,5=84,5 stig

Serkur

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.


Ætt:



FFF: Ormur 02-933, FFME: Glæsir 98-876, FMFF: Partur 99-914, FMMF: Klængur 97-839, MMFF: Örvar 04-983.

Serkur 13-941		2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	108
	Pungi	49,2
	Fótleggur	109
	Læri	17,7
	Ull	8,4
	Ómvöðvi	30,5
	Ómfita	3,5
	Lögur	4,0

Lýsing: Hvítur, kollóttur með stuttan og fríðan haus. Háls sver og herðar holdfylltar. Bolur sivalur. Bak sterkt og átaksgott. Malir langar, aðeins hallandi en mjög holdfylltar, breidd þeirra í meðallagi. Lærahold frábær. Hann er örlítið útskeifur á vinstri framfæti en fótstaða annars góð, mjög þétt-holda og jafnvaxinn hrútur.



13-941

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið mjög lítið aftan við bóga. Pelið jafnt og þétt.

Reynsla: Serkur 13-941 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann fékk talsverða notkun síðasta vetur og allstór hópur sona hans kom til skoðunar nú í haust. Þeir bera honum vel söguna og á Serkur þann afkvæmahóp sem hefur flest heildarstig allra sæðingahrúta haustið 2016. Synir hans eru þroskamiklir, vel gerðir, margir feikilega bollangir og miklar fríðleikskindur. Serkur hefur því skipað sér í hóp „stjórnuhrúta“ sem vænta má mikils af á komandi árum.

Lítill reynsla er enn fengin um dætur Serks. BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika hefur þó hækkað fyrir frjósemi frá fyrra ári en lækkað lítillega fyrir mjólklagn. Nokkuð vantar enn upp á öryggi matsins og munu því upplýsingar úr skýrsluhaldinu á komandi árum varpa betra ljósi á Serk sem ærföður. Hann hefur þó alla burði til þess að vera öflugur ærfaðir. Serkur er nokkuð fjarskyldur meginlínunum í kollotta fénu síðustu ár og eini hrúturinn á sæðingastöð sem er arfhreinn verndandi gagnvart riðusmiti, því munu öll afkvæmi hans bera verndandi arfgerð.

Litaerfðir: Serkur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfhreinn verndandi.

Mál og stígun:

2013-46-105-32/2,8/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,5 stig

Magni

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.

Ætt:




FF: Trítill var faðir Sprota 12-936, MFF: Gullmoli 05-552 sem er FF: Krapa 13-940, MMFF: Bogi 04-814.

Magni 13-944		2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	94
	Pungi	48,9
	Fótleggur	108
	Læri	17,7
	Ull	8,4
	Ómvöðvi	30,2
	Ómfita	3,0
	Lögur	4,0

Lýsing: Hvítur, kollóttur með fríðan haus. Góð holdfylling um háls og herðar, bolurinn ágætlega sivalur. Bakhold góð og vottur af kryppu*. Breiðar, kúptar og vöðvafylltar malir. Sérlega vel lagaður og mjög þykkur lærvöðvi. Góð fótstaða. Glæsikind á velli.

*Kryppan á baki er til marks um mikla vöðvasöfnun en þetta einkenni mátti finna á mörgum afkomendum



13-944

Stramma 83-833 frá Hesti á sínum tíma. Enginn skyldleiki er þó á milli Stramma og Magna.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, fremur ullarmikill. Pelið jafnt, ekki mjög þykkt. Togið hrokkið og jafnt. Ullarprúður.

Reynsla: Magni 13-944 hefur nú sinn annan vetur á sæðingastöð. Segja má að árangur hans á heima búni hafi verið magnaður en hann hafði verið einn besti lambafaðir búnsins þegar hann var fenginn á stöð. Í haust komu fram margir úrvalseinstaklingar undan honum, víðs vegar um landið, sem staðfesta gæði hans sem lambafaðir. Þegar hefur einn sonur hans bæst í hóp stöðvahrúta, Plútó 14-973 frá Heydalsá. Betri mynd á eftir að fast á Magna sem ærföður en fyrstu vísbindingarnar eru honum ekki nægilega hliðhollar. BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi lækkar milli ára. Hafa þarf í huga að viðmiðunarpurinn er ærnar á Heydalsá og þar er nokkuð um Þokugensær sem skekkja samanburðinn. Þá eru enn mjög takmarkaðar upplýsingar til varðandi mjólklagn dætranna en spáin gefur til kynna að Magnadætur skili vænleika í góðu meðallagi.

Litaerfðir: Magni er arfblendinn hvítur, gefur tvílit og hreinhvít en ekki þekkt að hann gefi mórautt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.


Mál og stígun:

2013-48-103-31/2,4/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,0=86,5 stig


Fannar

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði

Ætt:



MMF: Örvar 04-983



Lýsing: Hvítur, kollóttur með sterklegan haus. Herðar breiðar og mjög vel holdfylltar. Bringa breið og útlögur miklar. Góð bakhold. Malir mjög vel holdfylltar. Góð holdfylling í lærum – fyllir vel í krikann. Bollöng og glæsileg kind.

Ullarlýsing: Hrein-hvítur. Ullarmikill. Tog hrokkið, fremur jafnt en gróft. Reyfið er þykkt, þel mikið og jafnt.

Reynsla: Fannar 14-972 er einn þriggja hrúta sem fenginn var á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Strandasýslu haustið 2016, sem fram fór á Heydalsá. Fannar átti stóran hóp af

föngulegum lömbum í rannsókninni og stór hópur gimbra og hrúta undan honum, var tekinn frá til lífs, sem skekkir niðurstöður kjötmats afkvæma hans. Meðalfallþungi tvílembingshrútlamba undan honum var 18,1 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og einkunn fyrir fitu 6,6. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í afkvæmarannsókninni var 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og fyrir fitu 7,1.

Haustið 2015 skilaði Fannar glæsilegum kjötmatsniðurstöðum en þá var fallþungi afkvæma hans 19,3 kg, einkunn fyrir gerð 11,4 og einkunn fyrir fitu 7,4. Búsmeðaltal sama ár var 18,2 kg fyrir fallþunga, einkunn fyrir gerð 10,7 og einkunn fyrir fitu 7,0.

Lítill reynsla er fengin af Fannari sem ærföður en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir að dætur hans verði frjósamar í meðallagi og góðar afurðaðar. Á Heydalsá áttu 7 veturgamlar dætur hans 1,14 lömb að jafnaði í vor og skiluðu vænum dilkum í haust.

Móðir hans, Snjólaug 08-001 var ætíð tvílembd og með 7,8 afurðastig.

Litaerfdir: Fannar er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stigun:

2014-49-108-31/3,5/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-9,0=86,5 stig



Framleitt í
Bretlandi

Heatwave lamba- og kálfafóstra

Einfalt kerfi þar sem að mjólki geymist köld, hitnar svo um leið og hún er drukkin, með því að ferðast í gegn um heitt vatnsbað í lokuðum spiral. Kerfið er alveg lokað, smithætta í lágmarki og einfalt í þrifum

- Fóðrar allt að 30 kálfa og 50 lömb
- Ungviðið gengur í mjólkina að vild
- Hentar bæði til að fóðra með mjólkurdufti og hrámjólk
- Heilsusamlegt, mjólkinn geymd köld en er volg þegar hún er drukkin
- Einfalt kerfi, einföld í notkun
- Hægt að stilla hitann
- Heilbriggt ungvíði
- Vinnusparandi

Egilsholti 1,
310 Borgarnesi,
S:430-5500
Opíð 8-18 virka daga
og
10-14 laugardaga



FELDFJÁRHÚTUR

Lobbi

frá Melhól, Meðallandi
(Keyptur frá Þykkvabæjarklaustri 2, Álftaveri)



09-939

Lýsing: Grár, kollóttur með stuttan haus. Aðeins grófur um herðar en útlögur þokkalegar. Vöðvafylling í baki allgóð. Mala- og lærahold slök en bollengd góð. Fætur réttir. Snotur hrútur og rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Grár, nokkuð jafn litur en ljósari að framan. Dökkur áll í baki. Ullin mjög fingerð. Togið lítið, fingert og hrokkið. Ullin mikil miðað við aldur.

Reynsla: Lobbi 09-939 kom á stöð sumarið 2015 til áframhaldandi viðhalds á feldfé og leysir þar af hólmi Gráfeld 08-894. Feldfé hefur verið ræktað í Meðallandi frá því um 1980 en stofninn er ekki stór. Við ræktun feldfjár er lagt mat á fimm ullareiginleika. Þeir eru: Hreinleiki litar, lokkun ullar, þéttleiki ullar og gljái og hárgæði. Þessa ullareigin-

leika er auðvelt að vinna með í kynbótum þar sem arfgengi þeirra er hátt en rétt að taka fram að ullargæði koma ekki fram strax í fyrstu kynslóð. Þar sem til eru ær undan Gráfeldi væri gott að nota Lobba á þær til framræktunar en lítill skyldleiki er milli þeirra tveggja. Lobbi gefur að sögn þeirra sem hann hafa notað einstaklega góð feldgæði. Ull af fé með mikil feldgæði er mjög skemmtileg viðkomu og rétt að viðhalda framleiðslu hennar með það í huga að vaxandi eftirspurn er eftir henni meðal handverksfólks. Rétt er að taka fram að Lobbi er ekki til þess fallinn að bæta vaxtarlag.


Litaerfðir: Lobbi er arfblendinn grár, gefur einnig mórault og tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

FORYSTUHRÚTUR

Gils

frá Klukkufelli, Reykhólasveit
(Keyptur frá Þúfnavöllum, Hörgárdal)



FFF: Golsi 09-916; FMF: Geri 03-986



13-976

Lýsing: Gils er svartblesuflekkóttur að lit, hyrndur. Hann hefur nú sinn fyrsta vetur á sæðingastöð og kemur frá Þúfnavöllum í Hörgárdal en æskustöðvar hans er að finna vestur í Reykhólasveit. Gils er stór kind, hávaxinn og létbyggður. Hann er höfuðfríður, andlitið snögg- og gljáhært. Augun í stærra lagi, glansmikil og gáfuleg, augnaráðið rólegt en þó árvökult. Höfuðið er hátt og djarflega borið. Hornin eru í meðallagi sver. Gils er rólegur og greindarlegur, ekki fasmikill en þéttur fyrir og ágætlega leiðitamar.

Gils rekur ættir sínar í forystufjarræktun Signýjar og Bergsveins á

Gróustöðum í Gilsfirði. Ræktun þeirra byggir að stórum hluta á forystufé sem Halldór Gunnarsson átti og ræktaði meðan hann bjó á Gilsfjarðarmúla og var hans fé að hluta ættað frá Haraldi Jónssyni á Hólmavík. Gils er einn þeirra fjölmörgu hrúta sem teknir hafa verið á sæðingastöð til varðveislu þessarar erfðadjásnar íslenska sauðfjárins sem forystuféð er.

Litaerfðir: Undan Gils geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



Aukakrónur

Þú getur keypt næstum hvað
sem er fyrir Aukakrónur



Matvara




Íþrótt- og útivistarvörur



Gjafavara



Kaffihús og veitingastaðir



Heilsurækt



Allt fyrir bílinn



Raftæki



Fatnaður



Afbreyting



Hrútar 2016-17, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2016

Hyrndir Númer og nafn	Fjöldi	Pungi	ÖMV	ÖMF	Lögun	Föt.	Haus	H+h	B+útl.	Bak	Malir	Læri	Ull	Fatur	Samr.	Alls	K.gerð	K.fita	K.skrokkgaði	K.frjósemi	K.mjólkurlagni	K.heild	Stöð 2016-17	
10-903 Hængur	117	46,2	30,8	3,0	4,1	109,6	7,9	8,4	8,6	8,8	8,7	17,6	8,0	8,0	8,2	84,3	116	108	112	101	106	106	106	Laugardællir
10-906 Salamon	88	47,5	30,7	2,8	4,0	108,2	8,0	8,2	8,5	8,6	8,7	17,7	7,9	8,0	8,3	84,0	114	110	112	104	109	108	108	Laugardællir
10-919 Höfðingi	96	49,5	29,4	3,3	3,9	110,0	8,0	8,2	8,4	8,4	8,5	17,4	7,9	8,0	8,2	83,0	103	99	101	105	107	104	104	Laugardællir
10-920 Kölski	276	48,0	31,1	3,0	4,1	109,8	8,0	8,3	8,5	8,7	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	83,9	111	114	113	123	107	114	114	Laugardællir
10-945 Kornelíus	237	49,1	30,0	3,2	4,1	109,3	8,0	8,3	8,5	8,6	8,6	17,7	7,9	8,0	8,3	83,9	121	105	113	112	111	112	111	Laugardællir
11-895 Drifandi	86	48,0	30,2	2,9	4,1	109,6	8,0	8,4	8,6	8,8	8,7	17,7	7,9	8,0	8,3	84,1	117	104	111	109	102	107	107	Laugardællir
11-908 Garri	40	48,0	31,4	3,0	4,2	108,4	8,0	8,3	8,4	8,8	8,6	17,7	8,1	8,0	8,3	84,2	120	113	117	106	94	106	106	Fallinn
11-922 Tjaldur	115	48,3	30,8	3,0	4,1	109,5	7,8	8,4	8,6	8,8	8,8	17,8	7,9	8,0	8,3	84,4	123	103	113	118	94	108	108	Fallinn
11-946 Borkó	125	47,6	30,1	3,0	4,0	109,9	8,0	8,3	8,5	8,6	8,7	17,6	7,8	8,0	8,3	83,7	112	110	111	103	110	108	108	Borgarnes
11-947 Kraftur	119	49,1	30,3	2,7	4,2	109,0	8,0	8,3	8,6	8,6	8,6	17,6	7,8	8,0	8,3	83,6	119	107	113	103	106	107	107	Laugardællir
11-958 Gróði																								
11-959 Hörður																								
12-911 Bekri	169	47,4	30,5	3,1	4,1	108,8	8,0	8,4	8,6	8,8	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	84,2	115	105	110	109	115	111	111	Borgarnes
12-913 Skratti	39	46,8	30,9	3,2	4,2	108,8	8,0	8,4	8,5	8,9	8,7	17,8	7,9	8,0	8,2	84,3	111	107	109	104	104	106	106	Fallinn
12-914 Vetur	62	47,3	30,8	2,9	4,2	108,3	8,0	8,3	8,5	8,6	8,6	17,6	7,7	8,0	8,3	83,6	115	107	111	100	100	104	104	Fallinn
12-915 Saumur	254	47,5	31,0	2,8	4,2	105,9	7,9	8,4	8,6	8,8	8,8	17,9	7,9	8,0	8,3	84,6	123	111	117	94	97	103	103	Fallinn
12-924 Jóker	57	46,5	31,2	2,8	4,2	110,1	8,0	8,2	8,4	8,6	8,6	17,4	7,8	8,0	8,2	83,3	107	119	113	106	111	110	110	Fallinn
12-925 Vörður	3	44,3	30,3	3,1	3,5	112,0	8,0	8,0	8,2	8,5	8,5	17,0	8,0	8,0	8,0	82,2	102	117	110	109	101	107	107	Fallinn
12-948 Hrauni	112	47,8	30,6	2,9	4,1	107,9	8,0	8,3	8,6	8,6	8,7	17,6	7,9	8,0	8,3	84,0	117	97	107	101	105	104	104	Laugardællir
12-949 Jónas	113	45,9	30,2	3,4	3,9	107,8	8,0	8,3	8,5	8,6	8,6	17,6	7,8	8,0	8,3	83,8	115	90	103	120	106	110	110	Borgarnes
12-950 Kaldi	209	47,9	30,4	2,9	4,1	108,3	8,0	8,3	8,5	8,6	8,6	17,7	7,9	8,0	8,3	83,9	115	112	114	102	106	107	107	Laugardællir
12-960 Malli																								
13-926 Hvati	149	46,5	31,5	2,9	4,2	106,0	7,9	8,4	8,7	8,9	8,8	17,8	8,0	8,0	8,3	84,8	119	107	113	108	98	106	106	Fallinn
13-927 Kjarni	120	46,1	30,1	3,1	4,0	108,2	7,9	8,4	8,5	8,6	8,7	17,7	8,1	8,0	8,2	84,1	118	96	107	99	100	102	102	Borgarnes
13-928 Lækur	73	48,2	30,9	3,0	3,9	108,4	7,9	8,3	8,6	8,6	8,7	17,6	7,8	8,0	8,3	83,8	112	108	110	99	108	106	106	Laugardællir
13-951 Burkni	183	47,2	31,7	3,3	4,2	109,0	7,9	8,4	8,6	8,9	8,8	17,8	7,7	8,0	8,3	84,4	123	112	118	103	107	109	109	Borgarnes
13-952 Börkur	247	49,3	31,2	2,9	4,2	110,2	8,0	8,4	8,6	8,8	8,7	17,7	7,9	8,0	8,3	84,4	122	111	117	104	107	109	109	Laugardællir
13-953 Dreki	292	48,7	31,1	3,1	4,2	109,9	7,9	8,3	8,5	8,8	8,8	17,8	7,9	8,0	8,4	84,4	122	117	120	109	112	114	114	Borgarnes
13-954 Tangi	65	48,0	31,5	2,9	4,2	109,4	8,0	8,3	8,5	8,8	8,8	17,9	7,9	8,0	8,3	84,6	116	107	112	97	102	104	104	Laugardællir
13-961 Bergur																								

13-962 Klettur	115	115	115	109	107	110	Laugardæilir																
13-963 Stólpi	115	119	117	99	109	108	Borgarnes																
13-964 Toppur	125	116	121	94	100	105	Borgarnes																
14-955 Grímur	360	47,1	31,5	3,2	4,2	106,7	7,8	8,4	8,7	8,8	8,8	17,9	7,9	8,0	8,2	84,5	128	104	116	100	106	107	Borgarnes
14-956 Svimi	249	47,9	31,1	3,0	4,1	108,3	8,0	8,3	8,6	8,7	8,7	17,6	8,0	8,0	8,2	84,2	122	99	111	104	103	106	Fallinn
14-965 Kústur	131	98	115	98	104	106	Borgarnes																
14-966 Vínur	120	106	113	106	97	105	Borgarnes																
15-967 Bjartur	115	104	110	104	102	105	Laugardæilir																
15-968 Tinni	114	104	109	102	103	105	Borgarnes																
15-969 Hroki	101	109	105	99	108	104	Laugardæilir																

Meðaltal hyrndir: 4.055 47,8 30,8 3,0 4,1 108,6 7,9 8,3 8,6 8,7 8,7 17,7 7,9 8,0 8,3 84,2

Kollóttir

09-929 Heydalur	26	49,9	30,2	3,3	3,9	111,3	7,9	8,3	8,5	8,5	8,6	17,4	8,3	8,0	8,5	84,0	104	107	106	99	107	104	Fallinn
09-930 Hreinn	47	49,1	30,5	3,2	4,2	110,2	7,9	8,3	8,4	8,6	8,6	17,5	8,4	8,0	8,4	84,2	103	115	109	116	102	109	Fallinn
10-889 Baugur	107	48,8	30,7	3,4	4,0	109,9	7,9	8,4	8,6	8,6	8,6	17,7	8,4	8,0	8,3	84,4	109	115	112	90	107	103	Borgarnes
10-897 Roði	33	51,8	29,9	3,4	3,9	112,2	7,9	8,4	8,6	8,5	8,6	17,5	8,0	8,0	8,3	83,8	107	116	112	94	110	105	Laugardæilir
11-933 Faldur	8	50,1	30,3	3,5	4,2	109,8	7,9	8,3	8,1	8,4	8,4	17,3	8,6	7,8	8,4	83,1	113	96	105	90	97	97	Fallinn
12-934 Hnallur	102	49,1	30,1	3,3	4,0	109,7	7,9	8,4	8,5	8,6	8,7	17,7	8,1	8,0	8,4	84,2	116	102	109	91	101	100	Borgarnes
12-970 Brúsi	105	115	110	106	110	109	Borgarnes																
13-937 poku-Hreinn	27	48,5	30,2	3,4	3,9	111,1	7,9	8,1	8,2	8,4	8,4	17,1	8,0	8,0	8,3	82,5	96	113	105	132	107	115	Laugardæilir
13-940 Krapí	359	49,0	29,8	3,2	3,9	109,5	7,9	8,3	8,5	8,5	8,6	17,6	8,2	7,9	8,4	84,1	125	122	124	108	100	111	Laugardæilir
13-941 Serkur	108	49,2	30,5	3,5	4,0	109,0	7,9	8,5	8,6	8,6	8,7	17,7	8,4	8,0	8,4	84,8	112	108	110	98	107	105	Laugardæilir
13-942 Spotti	172	48,8	30,0	3,1	4,1	108,6	7,9	8,5	8,5	8,7	8,7	17,8	8,1	8,0	8,4	84,5	120	95	108	110	108	109	Fallinn
13-943 Voði	58	47,8	29,8	3,6	4,0	108,2	7,9	8,4	8,6	8,6	8,7	17,5	8,0	8,0	8,3	84,0	123	95	109	92	106	102	Borgarnes
13-944 Magni	94	48,9	30,2	3,0	4,0	108,1	8,0	8,3	8,4	8,5	8,6	17,7	8,4	8,0	8,4	84,3	124	103	114	90	101	102	Laugardæilir
13-971 Ebiti	117	105	111	98	115	108	Borgarnes																
14-972 Fannar	110	107	109	100	109	106	Laugardæilir																
14-973 Plúttó	116	97	107	96	105	103	Borgarnes																
14-974 Spessi	122	105	114	97	110	107	Borgarnes																

Meðaltal kollóttir: 1.141 49,0 30,1 3,3 4,0 109,4 7,9 8,4 8,5 8,6 8,6 17,6 8,2 8,0 8,4 84,2

Meðaltal allir: 5.196 48,1 30,6 3,1 4,1 108,8 7,9 8,3 8,5 8,7 8,7 17,7 8,0 8,0 8,3 84,2

* Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 31. okt. 2016



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ VESTURLANDS

SKRÁ YFIR HRÚTA SEM NOTAÐIR VERÐA VETURINN 2016- 2017

HYRNDIR HRÚTAR

Borkó

frá Bæ, Árneshreppi.



MMF: Hvellur 05-969, MMMF: Glæsir 98-876.



11-946

	Borkó 11-946	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	125
	Pungi	47,6
	Fótleggur	110
	Læri	17,6
	ULL	7,8
LAMBHRÚTASKODUN	Ómvöðvi	30,1
	Ómfita	3,0
	Lögun	4,0


Lýsing: Hvítur, fínhyrndur með fríðan haus. Háls sver og herðar breiðar og vel holdfylltar. Bakhold góð. Malir breiðar með ágæta vöðvafyllingu. Lærahold góð og fótstaða einnig. Bolangur og fallegur hrútur á velli. Gæfur og rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Ljósugulur í hnakka, mikið gulur á fótum, aðeins af gulum hárum í reyfi. Ullarmagn í meðallagi, þelið þykkt. Togið meðalfínt, fremur stutt en hrokkjóð.

Reynsla: Borkó 11-946 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann fékk allmikla notkun síðasta vetur og allstór hópur sona hans kom til skoðunar í haust. Afkvæmi hans eru um meðaltal í þroska með góð lærahold en stundum aðeins hrjúf um herðar líkt og afkvæmahópurinn á Smáhömrum sýndi haustið 2015. Nokkur mjög góð hrútsefni mátti finna í þessum hóp. Jafnframt komu margar mjög föngulegar gimbrar til skoðunar enda er Borkó ekki síður álitlegur sem ærfaðir því fyrsta reynsla af dætrum hans er mjög jákvæð. BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika er hagstætt bæði fyrir frjósemi og mjólkurlagni. Dætur hans höfðu að jafnaði 5,3 afurðastig haustið 2015. Borkó er mjög góður alhliða kynbótahrútur og spennandi valkostur sem bændur ættu að horfa til.

Litaerfðir: Borkó er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.



Mál og stígun:

2011-45-110-29/2,7/3,0-8,0-8,0-8,5-8,0-8,5-17,5-7,0-8,0-8,5=82,0 stig




Bekri

frá Hesti, Borgarfirði.

Ætt:

Bekri 12-911




MMMF: Sekkur 97-836.

	Bekri 12-911	2014	2015	2016
LAMBRÚTASÖÐUN	Fjöldi	217	147	169
	Pungi	47,2	47,9	47,4
	Fótleggur	108	108	109
	Læri	17,7	17,5	17,7
	Ull	7,8	7,8	7,8
	Ómvöðvi	30,6	30,2	30,5
	Ómfita	3,0	3,1	3,1
	Lögun	4,1	4,1	4,1


Lýsing: Hvítur, hyrndur með stuttan en sterklegan haus og mjög gott hornalag. Háls og herðar, vel fylltar. Bringa fremur breið, útlögur góðar. Bakið vel vöðvafyllt. Malir aðeins afturdregnar en vöðvafylltar. Lærvöðvi er vel lagaður og fyllir vel í krikann. Fótstaða góð og bolleng í góðu meðallagi. Snotur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Gulur á fótum og í hnakka. Nokkuð um gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi.



Mál og stigun:

2012-44-107-29/3,2/3,5-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,0 stig



Jónas


frá Miðgarði, Stafholtstungum.

Ætt:

Jónas 12-949



FFF: Raftur 05-966, FMFF: Eir 00-881, MFFF: Túli 98-858, MMFF: Garpur 92-808.



Lýsing: Svartgolsuflekkóttur, krapphyrndur en fínhyrndur. Bolur sívalur, ekki útlögumikill og herðar háar. Bak breitt og sterkt. Malir kúptar, breiðar og vel vöðvafylltar. Lærvöðvinn kúptur og þykkur. Laglegur hrútur sem samsvavar sér vel.

Ullarlýsing: Svartgolsuflekkóttur. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog lítið en í meðallagi fínt og hrokkíð.

Mál og stigun:

2012-47-106-30/3,6/4,5-8,0-8,0-8,5-8,5-8,0-18,0-7,5-8,0-8,5=83,0 stig



Reynsla: Jónas 12-949 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð og var fenginn þangað þar sem hann ber golsóttan erfðavísi. Hann hafði þó sannað sig sem öflugur lambfaðir á nokkrum búum í Borgarfirði áður en hann kom á stöð og sú reynsla var staðfest með víðtækri notkun um allt land síðasta vetur. Afkvæmi hans eru heldur undir meðallagi hvað vænleika snertir, eru ögn hrjúf um herðar en hafa feikilega öflugan afturpart. Rúm 11% þeirra afkvæma hans sem var slátrað í haust fóru í holdfyllingarflokk E. Sum afkvæmi Jónasar eru feit og því hentar hann ekki þar sem fitufelling hefur verið vandamál.

Jákvæð reynsla er komin á dætur hans og eru þær mjög frjósamar og góðar afurðær líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika vitnar um. Jónas er því mjög lofandi kynbótahrútur fyrir mislita féð í landinu.

Litaerfðir: Jónas er arfblendinn fyrir golsóttum lit í A-sæti, gefur einnig mórault og tvílit.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Malli


frá Bjarteyjarsandi, Hvalfjarðarsveit
(keyptur frá Skorholti, Hvalfjarðarsveit)

Ætt:

Malli 12-960



MMFF: Toppur 00-897



Lýsing: Mórauður, finhyrndur með svipfríðan haus. Herðar örllítið háar og vantar lítillaga í fyllingu aftan við bóga. Bakið sterkt og vel vöðvað. Vel fylltar malir, þykkur lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Bollengd í meðallagi. Mjög gæfur hrútur.

Ullarlýsing: Mórauður

er, töluvert um grá hár í togi. Ullarstuttur og reyfið lítið. Þelið þokkalega þykkt, togíð stutt og fingert.

Reynsla: Malli 12-960 kom á sæðingastöð sumarið 2016 til viðhalds mórauða litnum í sauðfjárstofninum. Hann vakti fyrst athygli sem glæsilegt lamb haustið 2012 heima á Bjarteyjarsandi, þar sem hann var notaður fyrstu þrjú árin. Hann var svo seldur að Skorholti og kom



þaðan á sæðingastöð í sumar. Afkvæmi hans hafa sýnt vænleika um meðallag, gerð sláturlamba undan honum hefur verið góð, samhlíða hóflegri fitu. Malli var í afkvæmarannsókn á Bjarteyjarsandi haustin 2013 og 2014. Í afkvæmarannsókninni árið 2014 var fallþungi afkvæmi hans 16,3 kg, einkunn fyrir gerð 9,2 og fyrir fitu 6,5. Meðaltal rannsóknarinnar var 15,1 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 8,6 og fyrir fitu 5,9. Þykkt bakvöðva var heldur yfir meðaltali rannsóknar en lærastig voru á meðaltali.

Fyrstu vísbendingar um dætur lofa mjög góðu, en rúmlega 30 dætur hans sýndu frjósemi um meðaltal vorið 2015 og höfðu 5,4 afurðastig að jafnaði um haustið.

Móðir hans, Helga 10-108 var einlembd sem gemlingur en síðan tvisvar tvílembd og einu sinni þrílembd með 8,3 afurðastig en flest afkvæma hennar voru sett á.

Litaerfðir: Malli er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – erfir ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stigun:


2012-44-106-32/2,0/4,0-8-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig

Kjarni

frá Brúnastöðum, Fljótum.

Ætt:

Kjarni 13-927




MFF: Raftur 05-966, FMFF: At 06-806, FMMF: Kjalvar 02-943, MFMF: Týr 02-929, MMFF: Hylur 01-883.


Kjarni 13-927		2015	2016
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	145	120
	Þungi	45,4	46,1
	Fótleggur	108	108
	Læri	17,6	17,7
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Ull	8,1	8,1
	Ömvöðvi	30,2	30,1
	Ömfita	2,8	3,1
	Lögum	4,0	4,0

Lýsing: Hvítur, hyrndur með grannan og krapphyrndaan haus. Átaksgóðar herðar, vel sívalur brjóstkassi og góðar útlögur. Holdgróíð bak, malir vel breiðar og holdfylltar. Lærvöðvi þykkur og mjög vel lagður. Bollengd í þokkalegu meðallagi.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið fremur fingert, fremur stutt og grófara í baki. Jafnt og þykkt þel.



Mál og stigun:



Reynsla: Kjarni 13-927 hefur nú sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Reynslan hefur sýnt að Kjarni hefur staðið undir væntingum sem sterkur hrútur m.t.t. gerðar. Lömbin eru gjarnan samanrekin, þéttvaxin og harðholda. Kynbótamat hans fyrir fitu hefur hins vegar lítið hækkað og er því ljóst að hann hentar betur þar sem ekki þarf að hafa áhyggjur af þeim eiginleika.

Ekki er komin glögg mynd á Kjarna sem ærföður. Veturgömlu ærnar, sem er fyrsti dætrahópur hans tilkominn með sæðingum, áttu að jafnaði 1,06 lömb í vor og virðist Kjarni því gefa frjósemi í meðallagi. Haustuppgjör 2016 á landsvísu mun svo varpa betra ljósi á afurðasemi þeirra en fyrstu vísbendingar benda til þess að þær séu þar um meðallag líkt og BLUP-kynbótamat Kjarna segir til um.

Litaerfðir: Kjarni er arfblendinn hvítur, erfir tvílit en ekki mórauðan lit – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

2013-45-110-35/1,1/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-18,5-9,0-8,0-8,0=87,5 stig

Íslenskur
uppruni

Umhverfisvænar
umbúðir

Gæðavara

Norðlenskur
ferskleiki


NORÐLENSKA
LAMBAKJÖTIÐ

Fagmennska

Gott kvöld

Burkni


frá Mýrum 2, Hrutafirði.



FMF: Jökull 07-844, MFFF: Kuldi 03-924, MMFF: Vinur 99-867.



	Burkni 13-951	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	183
	Þungi	47,2
	Fótleggur	109
	Læri	17,8
	Ull	7,7
	Ómvöðvi	31,7
	Ómfita	3,3
Lögun	4,2	



Lýsing: Hvítur, krapp-hyrndur með svipmikinn haus. Háls stuttur og vel tengdur við breiðar mjög holdfylltar herðar. Bakið kúpt og vel holdfyllt. Malir og læri með frábæra vöðvafyllingu. Fótstaða áberandi gleið og sterkleg. Burkni er harðholda og bollengd hans í meðallagi. Gæfur hrútur. Metfé að allri gerð.

Ullarlýsing: Rauðbirkinn á haus og fótum. Talsvert um gul hár í reyfi. Mjög ullarmikill. Reyfið þykkt og jafnt. Togið hrokkið og fremur gróft. Pelið mikið.

Reynsla: Burkni 13-951 bættist í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2015 að aflokinni afkvæmarannsókn úrvslshrúta í Miðfjarðarhólfi, sem fram fór á Þóroddsstöðum. Heima á Mýrum hafði Burkni skarað framúr sem lambafaðir og skoðun afkvæma hans um allt land í haust staðfesta fyrri reynslu. Synir hans voru að jafnaði með þykkasta bakvöðvann af sonum stöðvahrútanna (31,7 mm). Hann raðar sér ofarlega á lista hvort sem horft er til heildarstiga sona hans eða kjötmatsniðurstaðna en tæp 10% afkvæma hans sem fóru í sláturhús fóru í holdfyllingarflokk E. Helsti ljóður afkvæmanna er ullin en afkvæmin má þekkja á sterkgulum hnacka og mikið er um gul hár í reyfi lambanna líkt og á honum sjálfum.

Sem ærfaðir er Burkni lítt reyndur en væntingar standa til þess að dætur hans verði mjólkurlagnar líkt og BLUP-kynbótamat fyrir mjólkurlagni segir til um. Veturgömlu ærnar fóru vel af stað og skiluðu vænum lömbum síðasta haust. Dætur hans sýndu góða frjósemi í vor en tveggja vetra ærnar áttu 2 lömb að jafnaði og veturgömlu ærnar 1,2 lömb. BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi hefur hækkað lítillega milli ára.

Litaerfðir: Burkni er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2013-46-106-30/2,8/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-8,0=84,5 stig



Fyrir sauðfé

Mikið úrval af sauðfjártengdum vörum

Margar tegundir bryningartækja



Hrútabelti og litir fyrir fengitímann



Ormalyfs- og bólusetningasprautur



Landsins mesta úrval af rúningsvörum



Margar gerðir af klaufsnyrtiklippum



Allt fyrir smalahundinn! Fóður, bækur, myndbönd, flautur og fleira.



Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400


JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Dreki

frá Hriflu, Þingeyjarsveit.

Ætt:

Dreki 13-953



MMFF: Hylur 01-883, MMMF: Svaði 94-998.



13-953

	Dreki 13-953	2016
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	292
	Pungi	48,7
	Fótleggur	110
	Læri	17,8
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	31,1
	Ómfita	3,1
	Lögun	4,2

Lýsing: Hvítur, vel og fallega hyrndur með mjög fríðan haus. Herðar örliði háar en bolur sívalur og útlögur góðar. Bakið breitt og holdfyllt. Malir breiðar og mjög holdfylltar. Lærahold frábær, inn-anlærisvöðvi áberandi mikill. Fótstaða góð. Bollangur hrútur, glæsilegur í alla staði.


Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Örliði gult á mölum. Ullarmagn í meðallagi en reyfið jafnt. Pelið allþykkt og jafnt. Togið hrokkið en fremur gróft, styttra í baki.

Reynsla: Dreki 13-953 er að hefja sinn annan vetur sem sæðingastöðvahrútur. Hann var valinn inn á stöð á grunni góðs árangurs á heimabúi þar sem hann hafði sýnt hversu afbragðsvel hann sameinaði góða gerð, hóflega fitu og mikinn vænleika í afkvæmum sínum. Hann fékk mikla notkun síðasta vetur og niðurstöður haustsins voru glimrandi góðar og í samræmi við væntingar. Afkvæmi hans eru feiknarlega virkjamikil og bollöng enda er hann sá stöðvahrútur sem skartar hæsta meðaltali fyrir samræmi sona sinna. Jafnframt skilar hann þykkum bakvöðva og góðum læraholdum.

BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að dætur hans verði mjólkurlagnar. Í vor sýndu dætur á heimabúi frjósemi nokkuð yfir búsméðaltali og hækkaði því kynbótamat hans fyrir þann eiginleika töluvert milli ára. Gott útlit er því fyrir að Dreki sé góður alhliða kynbótahrútur.

Litaerfðir: Dreki er arfblandinn fyrir gráum lit í A-sæti en erfir hvorki mórautt né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



Mál og stigun:


2013-50-111-36/2,9/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-0,0-8,0-8,5=85,5 stig

Stólpi

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi

Ætt:

Stólpi 13-963



FMF: Lási 02-944; MMMF: Raftur 05-966



13-963

	Stólpi 13-963 - Kynbótamat (BLUP)
Gerð	115
Fita	119
Skrokkgæði (95%)	117
Frjósemi (85%)	99
Mjólkurlagni (80%)	109
Heildareinkunn	108

Lýsing: Hvítur, hyrndur með stórskorinn haus en fínleg horn, breiðar og miklar herðar, breiða bringu og miklar útlögur. Bak holdgróið. Malir breiðar og lærahold góð. Fætur sterklegir og fótstaða góð. Bollangur og frísklegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus, fótum og í dindli, örliði um gul hár í reyfi. Ullarmikill, þel mjög þykkt og mikið. Tog styttra í baki – fremur stritt og gróft.

Reynsla: Stólpi 13-963 vakti fyrst athygli haustið 2013 sem glæsilegur einstaklingur og hlaut efsta sætið á héraðssýningu lambhrúta á Snæfellsnesi það ár. Hann var í afkvæmarannsókn á Hjarðarfelli haustið 2015 þar sem hann skipaði efsta sætið í heildaruppgjöri rannsóknar-

innar en gekk ekki heill til skógar og því ekki tekinn á sæðingastöð en hefur nú náð sér að fullu. Fallþungi afkvæma hans var 17,0 kg, einkunn fyrir gerð 9,9 og fyrir fitu 5,7. Meðaltal rannsóknarinnar var fallþungi 17,3 kg, einkunn fyrir gerð 9,7 og fyrir fitu 6,5. Mörg afkvæma hans hafa mælst með mjög þykkum og áberandi vel lagaðan bakvöðva.

BLUP-kynbótamat Stólpa fyrir dætraeiginleika segir að dætur hans verði bæði frjósamar og góðar afurðær. Haustið 2015 höfðu 13 dætur hans 4,7 afurðastig að jafnaði og frjósemi þeirra var um meðallag þá um vorið.

Móðir hans 11-194 er fádæma mikil afurðær og fékk viðurkenningu nú í haust fyrir hæsta BLUP-kynbótamat áa sem fæddar eru árið 2011 á Snæfellsnesi. Hún var tvílembd gemlingur og hefur verið á hverju ári eftir það, með 9,9 afurðastig. Hún gekk með tvö lömb sem gemlingur og var samanlagður fallþungi afkvæma hennar 55,5 kg þá um haustið.

Litaerfðir: Stólpi er arfblandinn hvítur en erfir hvorki mórautt né tvílit.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stigun:

2013-62-109-35/2,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,5-7,5-8,0-9,0=88,0 stig

Toppur


frá Kaldbak, Rangárvöllum



FFF: Prjónn 07-812; FMFF: Raftur 05-966; FMMF: Kjalvar 02-943



13-964



Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með þróttlegan haus. Herðar örllítið háar en vel holdfylltar. Útlögur góðar. Bakið átaks-gott. Malir kúptar og holdfylltar. Lærvoðvi þykkur og vel lagaður. Bollangur og tilkomumikill hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum, ullar-

lítill. Mikið um gul hár í reyfi og einnig nokkuð um svartar doppur. Þel nokkuð jafnt. Tog meðalgróft og stutt, sérstaklega ofantil.

Reynsla: Toppur 13-964 kom á sæðingastöð sumarið 2016 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Kaldbak. Afkvæmi hans hafa verið um meðallag hvað snertir vænleika, vel gerð og með litla fitu. Haustið 2015 var fallþungi tæplega 90 sláturlamba undan

Toppi 16,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,4 og einkunn fyrir fitu 5,5. Meðalfallþungi á búinu sama ár var 16,5 kg, einkunn fyrir gerð 9,9 og einkunn fyrir fitu 5,7. Toppur er því öflugur hrútur m.t.t. skrokkgæðaeiginleika afkvæma.

BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika er ekki hagstætt fyrir frjósemi enda í ættartré hans bæði Borði 08-838 og Prjónn 07-812 og hefur Toppur því djöfla að draga í þeim efnum. Fyrstu vísbendingar um dætur benda þó til að hann verði góður ærfaðir, en tveggja vetra dætur hans, 7 að tölu, áttu allar 2 lömb í vor og 14 veturgamlar dætur sl.vor áttu allar lamb, þar af ein tvílembd. Sem afurðær fara þær sæmilega af stað, höfðu 5,0 afurðastig að jafnaði nú í haust. Frekari reynsla mun svo varpa betra ljósi á hvar Toppur stendur sem ærfaðir.

Toppur er gemlingslamb móður sinnar, Hæ-Fernu 12-132 sem hefur alltaf átt tvö lömb eftir það og hefur hún 4,4 afurðastig.

Litaerfðir: Toppur er arfblendinn hvítur – gefur mórauðan lit en ekki tvílit.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stigun:

2013-47-111-30/2,2/4,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=84,5 stig

Grímur

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.



FFF: Borði 08-838, MMF: At 06-806, MMMF: Lundi 03-945.



14-955

Grímur 14-955	2016
Fjöldi	360
Pungi	47,1
Fótleggur	107
Læri	17,9
Ull	7,9
Ömnvöðvi	31,5
Ömfita	3,2
Lögun	4,2

Lýsing: Hvítur með þróttlegan haus og vel vanin horn. Frampartur gríðarlega víður og vel lagaður. Bak holdgróið. Mala- og lærahold einstök og gerð afturhluta gerist vart betri. Fótstaða gleið og rétt. Grímur er fremur bolstuttur og ögn kviðaður. Samanrekin holdaköggull.

Ullarlýsing: Ljósugulur á fótum. Gul hár finnast ekki í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið

hrokkið og fínt, styttra í baki. Pelið nokkuð jafnt og allþykkt.


Reynsla: Grímur 14-955 bættist í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2015 eftir glæsilegar niðurstöður sem hann hlaut í afkvæmaprófun á Ytri-Skógum og er því að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk mikla notkun síðasta vetur og vel á fjórða hundrað sona hans kom til skoðunar í haust. Útkoman var frábær og mikið um úrvalsgóða ásetningshrúta sem raða sér í fremstu röð. Einkennandi fyrir afkvæmin er hve framparturinn er víður, malir breiðar og læraholdin öflug. Afkvæmi hans sem fóru í sláturhús flokkuðust mjög vel en tæp 17% þeirra fóru í holdfyllingarflokk E. Grímur er því einn af öflugustu hrútum landsins í dag m.t.t. skrokkgæða. Bitgallar voru áberandi í afkvæmahóp hans (10%). Sem ærfaðir er Grímur lítið reyndur en væntingar standa til þess að dætur hans verði mjólurlagnar og frjósemi þeirra um meðallag líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir til um. Veturgömlu dæturnar á Ytri-Skógum sýndu frjósemi örllítið undir búsméðaltali í vor.

Litaerfðir: Grímur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2014-43-105-39/1,8/5,0-8,0-8,5-9,0-10,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,0 stig



Kústur

frá Garði, Þistilfirði

Ætt:

Kústur 14-965

Bursti 12-912
frá Hesti

Lagðsið 10-042



Kjölur 11-651

10-006

Guffi 08-869

06-031

14-965



Lýsing: Hvítur, finhyrndur og vel hyrndur með fríðan haus. Herðar kúptar og vel holdfylltar. Miklar útlögur. Bakið vel holdfyllt. Mala- og lærahold góð. Sterkleg fótstaða. Samanrekin holdakind.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Örlítið

um gul hár í reyfi á mölum. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Tog meðalgróft og nokkuð hrokkid en styttra í baki. Þel meðalþykkt og jafnt.

Reynsla: Kústur 14-965 var fenginn á sæðingastöð haustið 2016 að aflokinni afkvæmarannsókn á úrvalshrútum í Norður-Þingeyjarsýslu, sem fram fór í Garði. Kústur stóð efstur í þessum samanburði og var

með bestu útkomuna bæði út úr skoðun líflamba og úr kjötmatshlutanum.

Afkvæmin voru þéttþolda, með þykkari bakvöðva en bollengd þeirra aðeins um meðallag. Fallþungi tvílembingshrútanna undan honum var 16,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og 6,7 fyrir fitu. Meðaltal rannsóknarinnar var 16,8 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,2 og fyrir fitu 6,8. Er þetta annað haustið sem Kústur skilar hæsta gerðarmati sláturlamba í Garði. Því má ljóst vera að hér er öflugur kynbótahrútur m.t.t. skrokk-gæða.

Kústur er óráðinn sem ærfaðir en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir að þær verði um meðaltal fyrir frjósemi og yfir meðallagi fyrir afurðir. Kústur á fjórar veturgamlar dætur í Garði sem allar átta lamb í vor og komu heim með góð lömb að loknu sumri. Stór hópur gimbra undan Kústi var valinn til ásetnings í haust.

Móðir hans, Lagðsið 10-042 er prýðisgóð afurðær. Hún var tvílembd sem gemlingur og hefur verið á hverju ári síðan, með 6,3 afurðastig.

Litaerfðir: Kústur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2014-47-109-37/2,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=86,0 stig

Vinur

frá Haukatungu syðri 2, Snæfellsnesi

Ætt:

Vinur 14-966

Garri 11-908
frá Stóra-Vatnshorni

Núpa 10-470

Hriflon 07-837
frá Hriflu

07-733


Pendúll 09-505

Messa 09-299

14-966



MFF: Kveikur 05-965; MMF: Púki 06-807



Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með þróttlegan haus. Mikil vídd og góð lögun er í frumparti. Holdfylling í baki góð. Malir og læri með ákaflega mikla vöðvafyllingu og vel lagaða og hvelfda vöðva. Vinur er örlítið útskeifur á framfótum en fótstaðan sterkleg.

Bollengd í góðu meðallagi. Samanrekin holdaköggull með feikna breiðan og holdfylltan afturpart.

Ullarlýsing: Fölgulur á fótum og aðeins gult í haus en gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarmikill með þykkt þel. Tog ekki dæmt vegna þófa í ull.

Reynsla: Vinur 14-966 kom á sæðingastöð haustið 2016 að lokinni afkvæmarannsókn í Haukatungu þar sem heimahrútar voru bornir saman. Vinur vakti þó fyrst eftirtekt haustið 2014 þegar hann skipaði efsta sætið á héraðssýningu lambhrúta á Snæfellsnesi. Afkvæmi hans eru um meðallag hvað varðar vænleika, með þykkari bakvöðva samhliða lítilli fitu. Fallþungi afkvæma Vinar var 17,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,0 og einkunn fyrir fitu 6,2. Meðaltöl rannsóknarinnar voru 16,9 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,2 og einkunn fyrir fitu 6,1.

Af sjálfu leiðir að lítill reynsla er enn fengin af dætrum Vinar. BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika bendir til að þær verði ágætlega frjósamar og um meðallag sem afurðær. Veturgamlar dætur hans á heimabúi sýndu góða frjósemi vorið 2016.

Móðir hans, Núpa 10-470 var tvílembd gemlingur og á hverju ári síðan en hún hefur 5,2 afurðastig.

Litaerfðir: Vinur er arfhreinn hvítur – gefur hrein hvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2014-48-109-32/2,6/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig

Tinni

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum

Ætt:

Tinni 15-968

Salamon 10-906
frá Hömrum

Týra 07-559


Kjarkur 08-840
frá Ytri-Skógum

Bomba 09-045

Grunur 05-258

GLYRNA 06-498

MMF: Blettur 05-967



Lýsing: Svartur, fín-hyrndur með svip-mikinn haus og vanin horn. Frampartur óvanalega víður og hvelfdur. Bakið breitt og mjög átaksgott. Malir breiðar og vel fylltar. Lærahold mjög góð. Bollengd í meðlaggi.

Ullarlýsing: Vel svartur – örlítið ber á

gráum hárum í reyfi aftan til. Ullarmagn í góðu meðlaggi. Tog hrokkið, jafnt og glansandi. Pel í meðlaggi þykkt.

Reynsla: Tinni 15-968 er annar tveggja hrúta sem valdir voru fyrir sæðingastöðvarnar að aflokinni afkvæmarannsókn veturgamalla

hrúta í Ytri-Skógum haustið 2016.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að Tinni sé öflugur hrútur m.t.t. holdfyllingar en afkvæmi hans hafa mörg hver áberandi öflug mala- og lærahold. Meðalfallþungi afkvæma hans var 18,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,2 og einkunn fyrir fitu 7,2. Meðalfallþunginn í afkvæmarannsókninni var 17,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,1 og fyrir fitu 6,6.

BLUP-kynbótamat Tinna fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að dætur hans verði afurðaðar í meðlaggi og einnig um meðlagg hvað frjósemi snertir.

Móðir hans, Týra 07-559 var einlembd gemlingur og síðan alltaf tvílembd uns hún átti þrjú lömb í vor. Hún hefur 5,8 afurðastig.

Litaerfðir: Tinni er arfhreinn svartur, gefur ekki mórauðan lit og líklega ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stigun:

2015-47-107-31/3,1/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=86,0 stig

Nettex vörur fyrir sauðburðinn



NETTEX
Animal Health & Management

FB
FÓÐURLANDAN

Sendum um allt land

Hafðu samband
570 9800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum
Miðvangi 31
570 9860

FB Verslun Hellu
Suðurlandsvegi 4
570 9870

Baugur

frá Efstu-Grund, Eyjafjöllum.

Ætt:




MMF: Lundi 03-945, MFFF: Ormur 02-933.

	Baugur 10-889	2013	2014	2015	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	39	167	29	107
	Pungi	49,6	48,5	49,6	48,8
	Fótleggur	110	110	110	110
	Læri	17,6	17,6	17,6	17,7
	Ull	8,4	8,3	8,3	8,4
	Ómnvöðvi	29,9	29,7	29,8	30,7
Ómfita	3,0	3,1	3,2	3,4	
Lögun	4,0	4,1	4,1	4,0	

Lýsing: Hvítur, kollóttur með svipmikinn og fríðan haus. Stuttur háls, breiðar en aðeins hrjúfar herðar. Útlögur í meðallagi. Sterkt bak. Malir breiðar og fremur vel vöðvaðar. Lærahold frábær. Fætur réttir. Bollangur og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, fremur ullarmikill með þykkt þel. Togið í meðallagi langt og fremur fínt en aðeins stutt í baki.



Mál og stígun:



10-889

Reynsla: Baugur 10-889 er reynslumesti kollótti hrúturinn sem stöðvarnar bjóða sæði úr nú í vetur. Þetta er fimmti vetur hans á stöð sem jafnframt verður sá síðasti. Baugur er enn sem komið er einn besti kollótti lambafaðirinn sem verið hefur á sæðingastöð. Afkvæmi hans eru þroskamikill, afbragðsvel gerð og fitulítill. Víða standa synir hans og afkomendur vel sem lambafeður þar sem framúrskarandi sláturniðurstöður eru aðalsmerkið.

Jafnframt er mikil reynsla komin á Baug sem ærföður, dæturnar eru heldur undir meðaltali hvað frjósemi snertir en hörkugóðar afurðar. Baugur hefur fyrir löngu sannað sig og ættu þeir bændur sem vilja notfæra sér kosti hans að nota hann þennan síðasta vetur sem hann mun dvelja á sæðingastöð.


Litaerfðir: Baugur er arfhreinn hvítur- gefur hreinhvitt. **Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

2010-45-104-29/2,8/3,5-8,0-8,0-7,5-8,5-8,5-17,0-8,5-8,0-8,0=82,0 stig

Hnallur

frá Broddanesi 1, Kollafirði.
(Keyptur frá Melum 1, Árneshreppi)

Ætt:




MMFM: Tumi 02-934.


	Hnallur 12-934	2015	2016
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	105	102
	Pungi	49,2	49,1
	Fótleggur	109	110
	Læri	17,5	17,7
	Ull	8,0	8,1
	Ómnvöðvi	29,2	30,1
Ómfita	3,4	3,3	
Lögun	3,8	4,0	

Lýsing: Hvítur, kollóttur með fríðan en dröfnóttan haus. Herðar vel holdfylltar og útlögur í meðallagi. Gott átak á baki, malir breiðar og holdfylltar. Feiknaöflugur lærvöðvi. Bollangur hrútur sem samsvarar sér vel og afturpartur hans er einstaklega vel gerður.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum, aðeins um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Jafnt



Mál og stígun:



12-934

og þykkt þel. Togið fremur stutt og í meðallagi fínt en grófara í baki.

Reynsla: Hnallur 12-934 er nú að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann hefur fengið talsverða notkun síðustu tvo vetur og allstórir hópar sona hans komið til skoðunar síðustu tvö haust. Synirnir bera Hnalli gott vitni því hann skilar sinni góðu gerð til afkvæma sinna. Það kemur bæði fram í dónum á lifandi lömbum og eins því hve hátt hlutfall sláturlamba undan honum fer í holdfyllingarflokk E. Hnallur er langöflugasti kollótti stöðvahrúturinn þegar horft er til gerðar afkvæmanna. Veturgamlir synir hans skiluðu víða glæsilegum sláturlömbum nú í haust.

Aukin reynsla er að fást á Hnall sem ærföður. BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi hefur lækkað milli ára en dætur hans sýna frjósemi nokkuð undir búsméðaltali. Þær eru aftur móti ágætlega mjólurlagnar.

Litaerfðir: Hnallur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

2012-52-105-32/3,7/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-19,0-8,0-8,0-8,5=87,5 stig



Með RITCHIE kerfinu verður meðhöndlun sauðfjár leikur einn.

Einingarnar í RITCHIE kerfinu eru hannaðar til þess að ganga saman sem eykur notkunarmöguleika og styttr vinnuferla. Einingarnar eru teinaðar saman á fljótlegan og einfaldan hátt. Allar vörurnar frá RITCHIE eru heitgalvanhúðaðar sem tryggir hámarksendingu við íslenskar aðstæður.



Fjárgangur

Til meðhöndlunar og flokkunar á sauðfé. Grunneining. Mögulegt er að bæta við grunneiningu eða kaupa staka hluti úr henni.



Veltibúr

Auðveldar klaufskurð til muna. Snýr féna og skorðar það á bakið. Rétt vinnuhæð, ekkert bogr, engin barátta.



Fjárnvogir

Fjárnvogir - Skífuvogir og tölvuvogir. Áratuga reynsla á Íslandi. Hægt að fá tölvu með örmerkjalesara.



Combi-Clamp - fjárklemman

Fjárklemman klemmir féð og heldur því kyrru á meðan það er meðhöndlað. Flokkun í 3 áttir. Rétt vinnuhæð.

Aðrar vörur í sauðfjárnúskapinn

Gerðisgrindur - Koma í tveimur lengdum, 1,2 m og 1,8 m. Hagstætt verð. Læsast saman án nokkura festinga.

Gjafagrindur - Gjafagrindurnar frá Ritchie eru sterk smíði. Teinaðar saman, einfaldari meðhöndlun. Heitgalvanhúðaðar.

Drykkjarker - Drykkjarker með floti, henta vel í fjárhúsin. Galvaniseruð á góðu verði.

Comer heyskeri - Meðfærilegur og góður. Sker rúllur eins og smjör.



PÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Brúsi

frá Kollsá, Hrutafirði

Ætt:

Brúsi 12-970

Geisli 11-209
frá Heydalsá (G.S.)

09-959


Sindbad 09-155

10-756

Frosti 07-234

07-753

MFF: Frakksson 03-974; MMFF: og MMMF: Ægir 01-916



Lýsing: Hvítur, kollóttur með svipmikinn og sterklegan haus. Útlögur og bygging framparts í góðu meðallagi. Bakið vel vöðvafyllt. Mala- og lærahold prýðileg. Sterklegir fætur. Mjög bollangur og föngulegur hrútur.

Ullarlýsing: Hrein-hvítur með mikla ull.

Pel þykkt og mikið. Tog hrokkið en fremur gróft. Ullin ekki togmikil.

Reynsla: Brúsi 12-970 var valinn á sæðingastöð sumarið 2016 vegna góðrar reynslu á heimabúi, ekki síst fyrir þá staðreynd að hann er efn-

legur ærfaðir. Á heimabúi eru til upplýsingar um tæplega 200 afkvæmi Brúsa en þau hafa verið um meðallag í vænleika samhliða góðri gerð og hagstæðu fituhlutfalli. Haustið 2016 var fallþungi afkvæma hans 17,3 kg, einkunn fyrir gerð 9,7 og einkunn fyrir fitu 6,6. Sama ár var fallþunginn á búinu 16,8 kg, einkunn fyrir gerð 9,4 og einkunn fyrir fitu 6,8.

BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir að dætur hans verði góðar afurðær og fyrstu vísbendingar benda til þess. Haustið 2015 höfðu dætur hans 5,4 afurðastig að jafnaði og sýndu frjósemi talsvert yfir búsméðaltali. Brúsi er fjarskyldur flestum þeim kollóttu hrútum sem dvalið hafa á sæðingastöð síðustu vetur.

Móðir hans, 09-959 var einlembd gemlingur en ætíð tvílembd eftir það með 5,0 afurðastig.

Litaerfðir: Brúsi er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stígun:

2012-49-111-32/3,7/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,5 stig



Úrval vöru fyrir sauðfjárþóndann

Ærblöndurnar frá Líflandi

- **Ærblanda með fiskimjöli**

Orkuríkt kjarnfóður með 24% próteini. Kjarnfóðrið inniheldur 15% fiskimjöl sem eykur meltanleika próteina. Hentar þar sem þörf er á sterku fengiendi.

- **Ærblanda LÍF-**

Hagkvæmur valkostur með 15% próteininnihaldi sem byggir að öllu leyti á jurtaafurðum. Hentar vel með miðlungsgóðum heyjum.

- **Lífland býður frían flutning á Ærblöndum** á næstu stöð Samskipa, hvert á land sem er, miðað við 150 kg pöntun eða meira. Tilboðið gildir til og með 16. desember næstkomandi.

Ærblöndur fást í öllum verslunum Líflands og hjá endursöluaðilum víða um land.

Ærblöndurnar fást í 25 og 500 kg nettum fjögurra hanka sekkjum.



Fjölbreytt úrval af rekstrarvöru fyrir sauðfé



ADE60-SE A, D
og E-vítamín með
seleni



Kindamúll



Lyfjasprautur



Himag steinefna-
fata fyrir búfénað



Steinefna- og
vítamínbættur
saltsteinn

Kynntu þér úrvalið í verslunum Líflands og á www.lifland.is/vefverslun

Voði

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.


Ætt:

Voði 13-943



FMMF: og MMFF: Glæsir 98-876.

	Voði 13-943	2016
LAMBHRÚTASKBUN	Fjöldi	58
	Pungi	47,8
	Fótleggur	108
	Læri	17,5
	Ull	8,0
	Ómvoðvi	29,8
	Ómfita	3,6
	Lögun	4,0



Lýsing: Hvítur, kollóttur með kröftugan og svipmikinn haus. Háls og herðar vel holdfyllt, bolurinn mjög sívalur og útlögur miklar. Bak breitt og vel holdfyllt. Malir breiðar og holdfylltar. Lærvoðvi feikilega þykkur og innanlærsvöðvi góður. Fótstaða gleið en mætti vera sterklegri. Áberandi breiðvaxin og höfðingleg kind.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Aðeins gult í reyfi á mölum. Þelið mikið og fínt. Togið í meðallagi fínt, fremur hrokkið og jafnt. Ullarprúður.

Mál og stigun:



13-943

Reynsla: Voði 13-943 er að hefja sinn annan vetur í notkun á sæðinga-stöð. Hann var valinn þangað á grunni afkvæmarannsóknar úrvals-hrúta í Strandasýslu haustið 2015. Voði fékk nokkra notkun síðasta vetur og rúmlega 50 synir hans sem komu til skoðunar nú í haust. Sá hópur sýndi vænleika aðeins undir meðaltali en í honum voru talsvert margir vel gerðir einstaklingar með jafna og góða gerð. Eftir sem áður er hann öflugur lambafaðir líkt og hann hafði sýnt áður heima á Heydalsá og á Smáhömrum.

Aukin reynsla er að fást á dætur hans, BLUP-kynbótamat fyrir frjósemi hefur lækkað frá fyrra ári en tveggja vetra dætur hans sýndu frjósemi undir búsméðaltali í vor og eins gætir áhrifa frá föður hans þar. Vetur-gamlar dætur hans áttu að jafnaði eitt lamb í vor. Sem mjólkurær höfðu dætur hans að jafnaði 5,0 afurðastig síðasta haust og hefur kynbótamat fyrir mjólkurlagni hækkað milli ára.

Litaerfðir: Voði er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

2013-52-106-28/2,8/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=84,5 stig


Ebiti

frá Melum 1, Árneshreppi


(Keyptur frá fjárræktarfélaginu Neista, Eyjafirði)

Ætt:

Ebiti 13-971



FFF: Steri 07-855; FMMF: og MMFF: Ljómi 02-971



Lýsing: Hvítur, kollóttur með fremur grófan og langan haus. Háls og herðar holdfylltar og útlögur í góðu meðallagi. Bak sterkt, breitt og vöðvafyllt. Malir langar og holdfylltar. Mjög góð lærahold. Fætur sterkir og fótstaða góð. Áberandi bollangur og vörpulegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á fótum og gul hár fundust á mölum. Ullarmagn í meðallagi. Tog hrokkið í baki en slétt í síðum, fremur gróft. Þel jafnt og meðalþykkt.

Reynsla: Ebiti 13-971 var fenginn á sæðingastöð sumarið 2016. Hann



13-971

var hæst dæmdu lambhrúturinn á Melum 1 haustið 2013 þegar Fjárræktarfélagið Neisti í Eyjafirði keypti hann. Hann fékk mikla notkun hjá félagsmönnum enda kom strax í ljós að hann væri öflugur lambafaðir. Frá haustinu 2015 eru til upplýsingar um kjötmat á um 100 afkvæmum hans, á 15 búum í Eyjafirði. Stærsti afkvæmahópurinn var í Kjarna, en þar var fallþungi afkvæma hans 16,9 kg, einkunn fyrir gerð 11,0 og fyrir fitu 6,3. Meðaltöl búans voru 16,8 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,3 og fyrir fitu 6,2. Nokkrir synir hans í Hörgárdal hafa sýnt framúrskarandi niðurstöður sem lambafaður á sínum heimabúum.

Val hans á sæðingastöð grundvallast þó ekki síst á því hve góð fyrirheit hann gefur sem ærfaðir. Samkvæmt uppgjöri fjárræktarfélaganna haustið 2015 var frjósemi dætra hans á meðaltali en meðalafurðastig 22 dætra var 5,5 stig.

Móðir hans, Rispa 10-358, var einlembd gemlingsárið, síðan tvílembd og þá þrílembd með 9,9 afurðastig. Haustið 2013 kom hún af fjalli með skemmt jógur og var þá felld.

Litaerfðir: Ebiti er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti og tvílit en ekki móræuðum lit – gefur hreinhvítt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stigun:


2013-52-107-36/5,1/4,5-8,0-9,0-8,5-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig

Plútó

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði



FFFF: Steri 07-855



Lýsing: Hvítur, kollóttur með sveran, breiðan og þróttlegan haus. Háls vel bundinn við breiðar, vel holdfylltar herðar. Bringa breið og bolur vel sívalur. Bakið breitt og vel holdfylltar malir, lærvöðvi þykkur og fyllir vel í krikann.

Bollengd í meðallagi og hrúturinn samsvarar sér vel.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmikill. Tog glansandi, hrokkið og jafnt en í grófara lagi, sérstaklega á síðum. Þel mikið og þykkt. Ullarprúður.

Reynsla: Plútó 14-973 var valinn inn á stöð að lokinni afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Strandasýslu haustið 2016, sem haldin var á Hey-



14-973

dalsá. Afkvæmi hans eru vel gerð og við skoðun lamba á fæti voru mörg hrútsefni tekin frá. Einkennandi fyrir afkvæmin er vel gerður afturpartur en bollengd aðeins í meðallagi. Sláturlömbin flokkuðust vel en meðalfallþungi tvílembings hrútlambanna sem lógað var að lokinni lambaskoðuninni var 19,0 kg, einkunn fyrir gerð 11,0 og fyrir fitu 6,7. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í afkvæmarannsókninni var 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og einkunn fyrir fitu 7,1.

Vegna aldurs er Plútó óreyndur sem æfaðir en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir að dætur hans verði undir meðallagi í frjósemi en ágætær afurðær. Hafa verður í huga að á Heydalsá eru margar Pokugensær og því er að hluta til vanmat í kynbótaspá afkvæma Plútós fyrir frjósemi. Tvær veturgamlar dætur hans áttu lömb í vor og voru báðar tvílembdar og skiluðu góðum lömbum í haust.

Móðir hans, 06-806, var endingargóð afurðær. Hún átti eitt lamb gemlingsárið, var einu sinni einlembd og sjö sinnum tvílembd með 6,3 afurðastig.

Litaerfðir: Plútó er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus

Mál og stigun:


2014-50-106-27/3,9/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig

Spessi

frá Melum 1, Árneshreppi



FFF: Steri 07-855; MMF: Kjói 04-816; MFF: Vængur 08-124 frá Skjaldfönn



Lýsing: Hvítur, kollóttur með sveran og fríðan haus. Háls þykkur og vel bundinn við kúptar og holdfylltar herðar. Frampartur allur mjög víður og útlögur miklar. Bakhold mjög góð. Malahold ágæt og lærvöðvi mjög kúptur og lokar vel klofi. Fótstaða góð.

Ágætlega bollangur og glæsilegur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í góðu meðallagi. Tog hrokkið og glansandi – sérstaklega á herðum, aðeins gróft í síðum. Þel jafnt og þykkt. Ullarprúður.

Reynsla: Spessi 14-974 er einn þriggja hrúta sem fenginn var á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Strandasýslu



14-974

haustið 2016, sem fram fór á Heydalsá. Spessi vakti athygli haustið 2015 fyrir glæsilega útkomu heima á Melum 1. Á Heydalsá kom fram hópur af mjög góðum lömbum undan honum og átti hann, ásamt Fannari 14-972 og Plútó 14-973 flest lömbin sem tekin voru frá sem lífrútsefni. Tvílembingshrútarnir sem lógað var undan Spessa, að lokinni rannsókn vögu að meðaltali 18,5 kg, einkunn fyrir gerð var 10,4 og 6,6 fyrir fitu. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í afkvæmarannsókninni var 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og meðaleinkunn fyrir fitu 7,1.

Vonir standa til að Spessi verði góður ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna. Á Melum voru til fjórar veturgamlar ær sem allar áttu lamb í vor og skiluðu góðum lömbum nú í haust.

Móðir hans, Spranga 12-513, hefur alltaf verið tvílembd og skilað vænum og vel gerðum lömbum og er með 6,0 afurðastig.

Litaerfðir: Spessi er arfblendinn hvítur með erfðavísi fyrir mórauðum lit og tvílit – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus


Mál og stigun:

2014-44-109-29/1,7/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,5-8,5-8,0-8,5=86,0 stig

FERHYRNDUR HRÚTUR

Alur

frá Þúfnavöllum 2, Hörgárdal



FFF: Krókur 05-803; FMF: Kuldi 03-924; FFMF: Hagi 98-857

Lýsing: Ferhyrndur með svipfríðan haus. Herðar örlítið hrjúfar, útlögur í meðallagi. Bakhold sæmileg. Malir breiðar og holdfylltar. Lær-vöðvi góður. Bollangur og fallegur hrútur.

Ullarlýsing: Steingrár – dekkri að framan, liturinn fallega grár. Ullin fremur mikil. Þel þykkt og mjúkt. Tog hrokkið og fremur fíngert.


Reynsla: Alur 13-975 var fenginn á sæðingastöð sumarið 2016 til að viðhalda ferhyrnu fé. Sem einstaklingur er Alur þrýðilega gerður og heima á Þúfnavöllum hefur hann skilað góðri flokkun sláturlamba. Haustið 2015 fóru 3 af 20 afkvæmum hans í holdfyllingar-flokk E. Fallþungi afkvæma hans þá um haustið var 17,8 kg, einkunn fyrir gerð 10,0 og einkunn fyrir fitu 7,2. Búsmeðaltal sama ár var 18,1 kg fyrir fallþunga, einkunn fyrir gerð 9,9 og einkunn fyrir fitu 7,7.

Móðir hans, Ferna 10-672 er ferhyrnd líkt og nafnið gefur til kynna. Hún er ágæt afurðaðær, var einlembd gemlingsárið, eftir það einu sinni einlembd, annars tvílembd með 5,5 afurðastig.

Mínnt er á að erfðir ferhyrnda eiginleikans stjórnast af ríkjandi geni sem gefur fjögur horn í stað tveggja og nægir að annað foreldranna hafi genið til að eiginleikinn komi fram. Ferhyrnt er alltaf sýnilegt og ef kind, undan ferhyrnu foreldri, er ekki ferhyrnd, þá erfir hún afkvæmi sín aldrei að þessum eiginleika. Undan Al má því fá vel gerða ferhyrnda gripi með því að halda undir hann vel gerðum ám og þannig geta þeir bændur sem ekki eiga ferhyrnda kindur í dag eignast slíka gripi.

Litaerfðir: Alur er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti, erfir tvílit en líklega ekki mórauðan lit – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus



Sauðfjárþændur

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki
og **Sláturhús KVH ehf.** á Hvammstanga
reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárþændum
með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum bændum um land allt
viðskiptin síðastliðin haust!



Eyrarvegi 20 550 Sauðárkróki www.ks.is




Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 530 Hvammstangi www.skvh.is

FORYSTUHRÚTUR

Ungi

frá Sandfellshaga 1, Öxarfirði
(Keyptur frá Vestarlandi 2, Öxarfirði)



MFF: og MMF: Leifur 02-900, FOM: Gráhosa 03-379 var einnig FM Jóakims 08-863

Lýsing: Ungi er svartkrögublesóttur að lit, hyrndur og hefur nú sinn annan vetur á sæðingastöð. Ungi er að vexti eins og forystukindur eiga að vera, léttbyggður, hávaxinn og reistur. Hann er svipfríður með greindarlegt yfirbragð, kjarkaður í fasi og árvökull. Hann virðist ljúfur og þjáll í rekstri og á húsi fer fátt framhjá vökulum og kvikum augum hans. Af þessu má ráða að Ungi býr yfir þeim forystueiginleikum sem forfeður hans hafa borið kynslóða milli áratugum og öldum saman. Meðal þeirra má finna þekktu og gengna höfðingja eins og Leif 02-900 og Jóakim 08-863 sem stíkuðu um hrútakrubbur sæðingastöðvanna fyrir ekki svo margt löngu.



13-938

Ungi er þaulræktuð forystukind úr hinni landsfrægu forystufjarræktun í N-Pingeyjarsýslu. Eins og ættartalan sýnir rekur Ungi ættir sínar á marga bæi á svæðinu. Ræktun forystufjár á þessu svæði hefur verið sinnt af alúð og kostgæfni og fá nú aðrir áhugamenn um ræktun forystufjár notið þessa göfuga starfs með vali forystuhrúta á sæðingastöðvarnar, til gamans og vonandi gagns en ekki sist til varðveislu þessa einstaka eiginleika íslenska sauðfjárins.

Lítaerfðir: Undan Unga geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt þar sem hann erfir einnig tvílit auk þeirra lítaerfða sem eigið útlit sýnir.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Fallnir hrútar 2015-2016 - Ástæður

08-901	Bósi	Felldur - fullnotaður
09-929	Heydalur	Felldur - fullnotaður
09-930	Hreinn	Felldur - fullnotaður
10-917	Ami	Felldur - fullnotaður
11-908	Garri	Felldur - fullnotaður
11-922	Tjaldur	Drapst, afvelta
11-933	Faldur	Felldur - fullnotaður
12-913	Skratti	Felldur - fullnotaður
12-914	Vetur	Felldur - fullnotaður
12-915	Saumur	Felldur - fullnotaður
12-924	Jóker	Felldur - fullnotaður
12-925	Vörður	Felldur - fullnotaður
13-926	Hvati	Drapst, barkabólga
13-942	Spotti	Drapst, barkabólga
14-956	Svimi	Darpst, þemba
14-957	Ofsi	Felldur - lélegt sæði

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2016

Hér verður gefið stutt yfirlit yfir afkvæmarannsóknir á úrvalshrútum vegna sæðingastöðvanna.

Á **Fjárræktarbúinu Hesti í Borgarfirði** var að venju afkvæmarannsókn á veturgömlum hrútum. Þessi rannsókn hefur ávallt verið ítarlegri en aðrar afkvæmarannsóknir sem felst m.a. í því að framkvæmdar eru skrokkmælingar sem byggja á margra áratuga hefð og skapa mjög verðmætt gagnasafn fyrir sauðfjárræktina. Að þessu sinni voru 2 aðkomuhrútar prófaðir á móti 11 heimahrútum. Aðkomuhrútarnir voru Þokki 14-365 frá Gilsbakka, Hvítársíðu og Halli 14-140 frá Kópareykjum, Reykholtisdal. Að loknu uppgjöri gagna var ákveðið að fala Hroka 15-969 frá Hesti til notkunar á stöðvunum. Mælingar lamba fóru fram um miðjan september og slátrun 23. september. Um stigun og ómmælingar sá Eyjólfur Kristinn Örnólfsson og um uppgjör gagna Emma Eyþórsdóttir.



Í **Haukatungu syðri 2, Snæfellsnesi** var afkvæmarannsókn sem byggði á 6 heimahrútum. Á grunni niðurstaðna var Vinur 14-966 falaður inn á sæðingastöð. Mælingar fóru fram 4. október og slátrun í kjölfarið. Lömbin voru stiguð af Lárusi G. Birgissyni og ómmæld af Eyjólfvi Ingva Bjarnasyni.

Stór afkvæmarannsókn var í Strandasýslu fyrir kollótta hrúta, haldin að þessu sinni á **Heydalsá, Steingrímsfirði** hjá Ragnari og Sigríði þar sem 12 hrútar voru í samanburði. Aðkomuhrútar í rannsókninni voru Barði 15-075 frá Broddanesi, Galdur 14-147 frá Litlu Ávík (fenginn frá Steinstúni), Óli 14-335 frá Miðdalsgröf og Spessi 14-974 frá Melum 1. Barði 15-075 var sá hrútur sem efstur stóð að uppgjöri loknu en ákveðið að biða með að fala hann þar til einhver reynsla fengist á frjósemi dætra. Falaðir voru Galdur 14-147, Spessi 14-974 og heimahrútarnir Fannar 14-972 og Plútó 14-973. Galdur 14-147 var því miður fallinn þegar til átti að taka og urðu hrútarnir því aðeins þrír sem koma inn á stöð úr þessari rannsókn. Mælingar fóru fram 20. september og slátrun í kjölfarið. Ómmælingar voru í höndum Kristjáns Eymundssonar og um dóma sá Eyþór Einarsson.

Í **Garði, Þistilfirði**, var framkvæmd stór afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Norður-Þingeyjarsýslu. Í samanburðinum voru 10 hrútar. Aðkomuhrútar voru Bassi 13-215 frá Sandfellshaga 1, Drengur 13-501 frá Sveinungsvík, Þór 13-159 frá Hagalandi og 14-375 frá Ytra-Álandi. Fimmti hrúturinn sem átti að prófa, Þristur 13-683 frá Sandfellshaga 2, drapst rétt fyrir fengitið. Kústur 14-965 frá Garði stóð efstur að stigum að loknu uppgjöri og var falaður inn á stöð. Þeir Drengur og Bassi komu einnig til álita en entist þeim ekki aldur til að komast í hóp sæðingastöðvahrúta. Mælingar fóru fram 19. september og slátrun 21. september. Steinunn Anna Halldórsdóttir sá um ómmælingar en stigun Eyþór Einarsson.

Á **Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum** var, líkt og undanfarin ár, haldin afkvæmarannsókn. Í samanburði voru 9 veturgamlir heimahrútar. Að loknu uppgjöri voru þeir Bjartur 15-967 og Tinni 15-968 fengnir til notkunar á sæðingastöðvunum. Mælingar fóru fram 21. september og slátrun 30. september. Um ómmælingar sá Fanney Ólög Lárusdóttir og dóma Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Nánari upplýsingar um niðurstöður afkvæmarannsóknanna er að finna á www.rml.is. Bændum sem lánuðu hrúta til rannsókna, lögðu fram aðstöðu og vinnu eru færðar þakkir fyrir þeirra framlag.

Eyþór Einarsson

Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2016

Númer og nafn	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	Hlutfall í E	Hlutfall í U	Hlutfall í 2
Hyrndir hrútar:							
10-903 Hængur	342	18,0	10,16	6,80	10,5%	51,2%	45,3%
10-906 Salamon	252	18,0	10,17	6,93	11,9%	51,2%	40,1%
10-919 Höfðingi	298	18,2	9,51	7,40	5,7%	40,3%	28,9%
10-920 Kölski	737	17,8	9,86	6,44	6,5%	50,6%	52,0%
10-945 Kornelíus	576	18,3	10,19	7,08	11,8%	51,9%	34,7%
11-895 Drífandi	385	18,0	10,26	6,91	10,9%	55,3%	41,0%
11-908 Garri	167	17,5	9,99	6,37	9,0%	51,5%	54,5%
11-922 Tjaldur	368	18,4	10,82	7,04	20,1%	54,6%	39,1%
11-946 Borkó	400	17,8	9,76	6,53	6,8%	47,3%	51,5%
11-947 Kraftur	280	18,2	9,85	6,80	6,8%	52,1%	40,0%
12-911 Bekri	458	17,9	10,19	6,64	13,5%	48,0%	50,0%
12-913 Skratti	140	18,2	10,12	7,01	8,6%	55,0%	39,3%
12-914 Vetur	174	18,4	10,16	7,19	11,5%	48,9%	35,6%
12-915 Saumur	811	17,7	10,53	6,50	16,9%	51,9%	51,3%
12-924 Jóker	195	16,9	9,14	6,17	2,6%	37,9%	56,4%
12-925 Vörður	24	18,3	9,13	6,17	0,0%	37,5%	62,5%
12-948 Hrauni	293	17,9	9,81	7,03	6,1%	51,2%	36,2%
12-949 Jónas	324	17,4	10,04	7,15	11,4%	47,5%	36,4%
12-950 Kaldi	496	18,6	9,98	6,98	7,7%	52,2%	36,3%
13-926 Hvati	425	17,3	10,04	6,49	11,1%	48,7%	51,5%
13-927 Kjarni	439	17,4	9,89	6,91	7,7%	49,9%	39,9%
13-928 Lækur	238	17,4	9,75	6,63	8,4%	43,3%	45,0%
13-951 Burkni	472	18,2	10,21	6,58	9,7%	54,9%	51,5%
13-952 Börkur	515	18,9	10,43	7,01	14,6%	52,8%	37,7%
13-953 Dreki	715	18,4	9,90	6,40	6,6%	52,0%	54,3%
13-954 Tangi	142	17,7	10,15	6,59	9,9%	52,1%	47,2%
14-955 Grímur	926	17,6	10,50	6,80	16,5%	51,4%	44,5%
14-956 Svimi	631	18,2	10,02	7,13	8,7%	51,0%	33,9%
Kollóttir hrútar:							
09-929 Heydalur	198	17,9	8,89	6,53	0,5%	33,8%	48,0%
09-930 Hreinn	99	18,5	9,06	6,90	1,0%	37,4%	40,4%
10-889 Baugur	298	18,9	10,15	6,68	9,7%	52,7%	46,6%
10-897 Roði	133	19,3	9,69	6,95	6,0%	45,1%	35,3%
11-933 Faldur	25	19,0	9,68	7,52	4,0%	48,0%	24,0%
12-934 Hnallur	269	18,7	10,12	7,19	10,8%	50,2%	32,7%
13-937 Þoku-Hreinn	95	18,4	8,85	6,92	0,0%	31,6%	36,8%
13-940 Krapí	817	19,0	9,69	7,09	4,2%	50,4%	33,3%
13-941 Serkur	239	19,1	10,15	7,63	9,2%	54,8%	24,3%
13-942 Spotti	538	18,1	9,73	7,00	6,9%	45,4%	38,7%
13-943 Voði	211	17,7	9,45	6,65	4,7%	43,1%	48,3%
13-944 Magni	254	19,2	10,08	7,04	7,9%	54,3%	38,2%

*Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 31. okt. 2016

Árangur sæðinga vorið 2016 eftir sæðingastöðvahrútum, ósamstilltar ær, ferskt sæði

Númer og nafn	Sæddar ær	Árangur	Fædd lömb/á
Hyrndir hrútar:			
10-903 Hængur	595	61%	1,86
10-906 Salamon	529	47%	1,81
10-919 Höfðingi	422	65%	1,92
10-920 Kölski	1.253	61%	1,85
10-945 Kornelíus	1.161	58%	1,83
11-895 Drífandi	543	64%	1,88
11-908 Garri	201	70%	1,74
11-922 Tjaldur	528	67%	1,88
11-946 Borkó	737	59%	1,76
11-947 Kraftur	561	60%	1,78
12-911 Bekri	733	63%	1,77
12-913 Skratti	212	65%	1,79
12-914 Vetur	245	74%	1,84
12-915 Saumur	1.100	72%	1,86
12-924 Jóker	300	58%	1,79
12-925 Vörður	48	73%	1,90
12-948 Hrauni	510	61%	1,68
12-949 Jónas	447	71%	1,92
12-950 Kaldi	765	63%	1,81
13-926 Hvati	655	67%	1,88
13-927 Kjarni	583	68%	1,89
13-928 Lækur	390	63%	1,79
13-951 Burkni	679	66%	1,85
13-952 Börkur	964	59%	1,77
13-953 Dreki	1.126	63%	1,85
13-954 Tangi	300	54%	1,77
14-955 Grímur	1.306	66%	1,88
14-956 Svimi	1.171	56%	1,76
	18.064	63%	1,82
Kollóttir hrútar:			
09-929 Heydalur	168	63%	1,81
09-930 Hreinn	294	68%	1,78
10-889 Baugur	551	53%	1,81
10-897 Roði	196	58%	1,76
11-933 Faldur	87	30%	1,64
12-934 Hnallur	412	62%	1,81
13-937 Þoku-Hreinn	154	63%	1,86
13-940 Krapí	1.308	68%	1,78
13-941 Serkur	503	59%	1,73
13-942 Spotti	737	73%	1,89
13-943 Voði	352	60%	1,76
13-944 Magni	411	64%	1,83
	5.173	64%	1,80
Aðrir hrútar:			
09-939 Lobbi	21	68%	1,77
10-917 Ami	30	68%	1,88
13-938 Ungi	48	84%	1,83
	99	76%	1,83
Samtals	23.336	63%	1,82
Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands	12.012	60%	1,80
Sauðfjársæðingarstöð Suðurlands	11.324	66%	1,85
Samstilltar ær allt landið	1.697	44%	1,70
Fryst sæði allt landið	523	66%	1,73

*Gögn miðast við stöðu gagnagunns 1. nóv. 2016

Sauðfjársæðingar og beiðsli

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 24-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum áнна.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnaheittur adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggíð frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma. Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

Nokkur ráð til þess að ná góðum árangri

Til þess að ná sem hæstu fanghlutfalli í sauðfjársæðingum er mælt með eftirfarandi aðferð:

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Seint kvöldið áður eða snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum. Það ættu að líða 6-20 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Fordíst að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu. Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

Samstillingar

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál áнна sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið heldur lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst. Það er einnig hægt að leita að beiðandi ám, byrja að leita sólarhring eftir að savmparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðslið sést.

Sæðing á öðru gangmáli frá samstillingu

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillingarinnar og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga. Þessari aðferð er hins vegar ekki hægt að mæla með nema menn hafi aðgang að sæðingum 2 til 3 daga í röð.

Vinnulagsreglur

Sæðingar: Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos verður 24-36 klst. eftir upphaf blæsmis.

Dæmi: Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað um miðnætti eða fyrir kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.

Samstilling: Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

Dæmi: Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

Samstillt og sætt á öðru gangmáli: Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

Dæmi: Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampar teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8. Sæðing 16. desember kl. 15. Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 áнна að ganga.

Meðhöndlun sæðis

Ferskt sæði

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsunum. Kæla þarf sæðið niður í 5 °C eftir kl. 13.00 og geyma það og flytja þannig þar eftir. Forðast skal allar hitasveiflur en þær geta drepit sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

Fryst sæði

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga hreinum járntein ofan í kúttinn og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki mega vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í hálsi kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

Þíðing á sæðisstráum

- Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi, sjá hér að ofan.
- Mæla þarf hitastig vatnsins reglubundið (helst fyrir hverja uppþíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabréfa með sjóðandi eða mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þitt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.
- Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.
- Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að margir GSM símar eru með skeiðklukku.
- Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þýðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.
- Þídd strá skal nota samstundis.
- Hitið sæðingatækið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráið er sett í.
- Passið að sæðingatækið sé þurrt.
- Eftir að stráið hefur verið sett í sæðingatækið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.
- Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.

Athugið! Uppþídd strá skal nota strax.

Skráning og uppgjör sæðinga

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefur mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv.

Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

1. **Skráning sæðingadagbóka**
Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.
2. **Skráning í fjarvis.is**
 - a. Skráið ykkur inn á www.fjarvis.is.
 - b. Veljið <Skrá sæðingu> undir <Vorbók>.
 - c. Skráið kennitölu sæðingamanns, sæð.dags., hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar, tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút. Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

**Við viljum gjarnan að sæðingar séu skráðar sem fyrst. Góð regla er að skrá þær jafnóðum!
Munið að skrá allar sæðingar, hvort sem ærnar halda eða ganga upp!**

Nokkur orð um skyldleikarækt

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Í ræktunarstarfi allra búfjárkynja á einhver skyldleikarækt sér stað. Hún er í raun náttúruleg mál alls ræktunarstarfs. Reglulega heyrast þær gagnrýnisraddir að skyldleikarækt í íslenska sauðfjárstofninum sé alltof mikil, m.a. sé of mikill innbyrðis skyldleiki meðal sæðingahrúta o.s.frv. Engar vísbendingar eru þó um að skyldleikaræktin sé of mikil, en henni er best stjórnað með því að nota hvern og einn sæðingahrút hæfilega mikið og skipta hrútum reglulega út, þ.e. nota engan hrút of mikið né of lengi.

Skyldleikarækt

Skyldleikarækt er skilgreind sem líkur á að báðir erfðavísar í tilteknu erfðavísasæti séu upprunalega þeir sömu í ákveðnum einstaklingi. Með góðum ættartöflum er hægt að reikna skyldleikaræktarstuðul sem er hlutfallstala á bilinu 0 til 1. Stuðullinn einn og sér segir ekki allt um hvernig þörun hefur verið háttáð, því markviss skyldleikarækt þar sem notaðir eru fjarskyldir einstaklingar (sameiginlegur forfaðir 2-4 ætliði aftur) yfir langt tímabil getur gefið háan skyldleikaræktarstuðul. Því þarf að skoða hvernig hann þróast yfir ákveðið tímabil og hvernig skyldleikaræktaraukning í hverri kynslóð er.

Þekkt er af niðurstöðum rannsókna víða um heim að mikilli skyldleikarækt fylgir í mörgum tilfellum svokölluð skyldleikaræktarhignun sem kemur oftast fram í lakari frjósemi og almennt skertum lífsþrótti og getur sýnt sig sem léleg vaxargeta. Skv. viðmiðum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) er mælt með að aukning skyldleikaræktar í hverri kynslóð sé á bilinu 0,5 – 1%. Þetta viðmið er sett fram á þeim forsendum að erfðabreytileiki innan stofns eða erfðahóps rýrni ekki til lengri tíma. Árið 2012 var gerð úttekt á þessari aukningu í íslenska sauðfjárstofninum og reyndist hún vel innan þessara marka¹.

Forritið EVA reiknar á fljótlegan hátt skyldleikaræktarstuðul og erfðahlutdeild einstakra ættfedra í árgöngum. Jafnframt er hægt að nota það til að útbúa þörunaráætlun út frá fyrirfram skilgreindum forsendum. Gæði æternisgagna eru síðan metin með þéttleikastuðli (PEC). Ef annað foreldri er óþekkt er PEC gildið ætíð 0. Ef gildið er 0,24 eru báðir foreldrar þekktir og að minnsta kosti einn afi/ein amma. PEC stuðull er á bilinu 0-1 og gildið 1 næst þegar allir forfeður 5 ætliði aftur í tímennu eru þekktir. Þegar kannað er hvaða forfeður eiga stærsta erfðahlutdeild í íslenska sauðfjárstofninum í dag var þetta forrit notað.²



Garpur 92-808 – helsti ættfaðir hyrnda stofnsins í dag.




Ás 09-877 frá Skriðu. Ás hefur mjög háan skyldleikaræktarstuðul (Fx) þar sem foreldrar hans voru hálfssystkini samfedra. Við innblöndun í aðrar hjarðir virkar hann óskyldur og skyldleikaræktarstuðull afkvæma hans verður lágur.

1 Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Þorvaldur Kristjánsson, 2012. Þróun skyldleikaræktar í íslenska sauðfjárstofninum. Búnaðarblaðið Freyja, 2. Árg. (2), bls. 9-12.
2 Berg, P., 2004. EVA. Evolutionary Algorithm for Mate Selection. User's Guide.

Þróun skyldleikaræktar 2000-2015

Á 1. mynd er þróun skyldleikaræktarstuðuls fyrir sauðfjárstofninn frá árinu 2000 sýnd. Gagnasafnið að baki myndinni eru æternisgögn frá 60 búum sem eiga sér langa og góða skýrsluhaldssögu og fyrir þetta 15 ára tímabil eru fyrir hendi æternisupplýsingar um 84.000 gripi á þessum búum. Af henni má sjá að skyldleikaræktin er að aukast, jókst nokkuð frá 2005 til 2010 en hefur dregið úr aukningunni frá árinu 2010.



1. mynd. Meðalskyldleikaræktarstuðull (F_x) ásettra gripa í sauðfjárstofninum 2000-2015. Gripir með PEC >0,24.

Framlag helstu ættfeðra

Með forritinu EVA er hægt að finna erfðahlutdeild ákveðinna einstaklinga í ættum ásettra gripa hvert ár. Í 1. töflu er að finna þá ættfeður sem ná 3% erfðahlutdeild eða meiri árið 2015 og hvernig framlag þeirra hefur verið í hverjum árgangi, árin 2010-2015.

1. tafla. Erfðahlutdeild (%) helstu ættfeðra í sauðfjárstofninum á árunum 2010-2015

<i>Hyrndir hrútar:</i>	Uppruni	2015	2014	2013	2012	2011	2010
97-843 Lækur	Lækjarhús	6,57	6,52	6,70	6,70	6,49	6,06
92-808 Garpur	Lækjarhús	6,09	6,03	6,20	6,21	6,04	5,81
92-972 Hörvi	Hestur	6,00	5,90	5,84	5,74	5,68	5,81
83-833 Strammi	Hestur	5,98	5,94	5,94	5,93	6,00	6,17
00-871 Lóði	Hestur	5,08	4,82	5,15	4,76	4,38	5,30
05-965 Kveikur	Hestur	5,07	5,00	4,61	4,60	4,97	4,64
00-868 Áll	Hestur	4,19	3,96	4,15	4,19	3,96	3,82
05-966 Raftur	Hestur	4,07	3,56	4,16	3,96	3,69	4,79
01-883 Hylur	Hestur	3,18	3,13	3,34	3,31	3,43	3,25
06-833 Grábotni	Vogar 2	2,80	2,48	2,18	2,78	2,11	1,01
<i>Kollóttir hrútar:</i>							
94-399 Þyrill	Heydalsá	7,84	7,32	7,40	7,43	7,19	6,66
80-830 Styggur	Smáhamrar	4,35	4,22	4,40	4,39	3,91	3,83
04-814 Bogi	Heydalsá	4,05	3,54	3,78	4,28	3,80	2,75
03-974 Frakksson	Árbær	3,92	3,67	3,44	3,10	2,52	2,99
07-855 Steri	Árbær	3,63	3,44	2,76	1,66	1,67	1,72
83-901 Moli	Grund	3,56	3,30	3,44	3,59	3,31	2,99

Feðgarnir Lækur 97-843 og Garpur 92-808 frá Lækjarhúsum í Suðursveit eru helstu ættfeðurnir í sauðfjárstofninum í dag en í kollótta stofninum stendur Þyrill 94-399 frá Heydalsá langefstur. Af yngri hrútum virðist Kveikur 05-965 frá Hesti vera sterkari í framrættun en jafnaldri hans Raftur 05-966 en þeir dvöldu báðir á sæðingastöðvunum í 5 vetur. Grábotni var einnig tekinn þarna með þar sem hlutdeild hans hefur vaxið jafnt undanfarin ár. Eins eru til eldri hyrndir hrútar sem ekki eru taldir með en ná meira en 3% gegnum aðra hrúta á þessum lista. Af yngri kollóttum hrútum eru það svo Árbæjarhrútarnir Frakksson 03-974 og Steri 07-855 sem hafa aukið hlutdeild sína mikið á allra síðustu árum.

Að þessu sögðu er ekki hægt að draga þá ályktun að skyldleikarækt sé of mikil í íslenskri sauðfjarrækt. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa varann á sér og sú hvatning sem greinarhöfundur stóð fyrir árið 2012 að endurnýja hrúta og jafna notkun sæðingahrúta frá því sem verið hafði virðist hafa skilað því að hægt hefur á skyldleikarækt sbr. 1. mynd.

Kynbótaáætlanir fyrir einstök bú

Þeir bændur sem þess óska geta fengið kynbótaáætlun unna fyrir sitt bú. Annars vegar er í boði að fá greiningu á ætternisgögnum síns bús og hver staðan er á skyldleikarækt innan hjarðarinnar. Hins vegar er í boði að fá gerða þörunaráætlun með það að markmiði að hámarka erfðaframarir og lágmarka skyldleikarækt. Forsenda allra áætlana er að lokið hafi verið við uppgjör núverandi skýrsluhaldsárs þegar áætlun er unnin. Þeir bændur sem hafa áhuga á þessu geta sett sig í sambandi við greinarhöfund í tölvupósti, netfangið er eyjolfur@rml.is.



GJAFAGRINDUR.IS

Egilsstöðum

Heitzinkhúðaðar gjafagrindur í ýmsum útfærslum



Tvær lengdir:
3,70 og 4,20 m.

Þrjár gerðir af göflum.



Góð reynsla er komin
af gjafagrindunum!

Nánari upplýsingar á
gjafagrindur.is



Sólarsellur

Tvær gerðir:
100 W mono
140 W mono

Gjafagrindur.is - Björgvin Óskarsson - Selási 14 - 700 Egilsstaðir
GSM: 865 5646 - gjafagrindur@gjafagrindur.is

ÍSLENSKA SVEITIN OG SS

Fögur er hlíðin sagði Gunnar forðum. Teigur er stórbýli í Fljótshlíð. Þar býr Arna Dögg í félagsbúi með sauðfé og kýr. SS sækir úrvals afurðir til Örne Daggar í íslenska sveit og skilar þeim tilbúnum alla leið til neytenda.

Arna Dögg er einn 900 bænda sem eiga SS.

